



RÍKISENDURSKOÐUN

SKÝRSLA

YFIRSKOÐUNARMANNA RÍKISREIKNINGS

OG

RÍKISENDURSKOÐUNAR

um endurskoðun ríkisreiknings

fyrir árið 1987

DESEMBER 1988

E F N I S Y F I R L I T

SKÝRSLA YFIRSKOÐUNARMANNA	2
BRÉF RÍKISENDURSKOÐUNAR TIL ALÞINGIS	7
SKÝRSLA RÍKISENDURSKOÐUNAR	8
RÍKISTEKJUR 1987	10
ÆDSTA STJÓRN RÍKISINS	16
FORSÆTISRÁÐUNEYTI	18
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI	20
UTANRÍKISRÁÐUNEYTI	31
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI	36
SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI	40
DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI	43
FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI	49
HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI	52
FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	59
SAMGÖNGURÁÐUNEYTI	64
IÐNAÐARRÁÐUNEYTI	69
VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI	72
HAGSTOFA ÍSLANDS	74
FJÁRLAGA- OG HAGSÝSLUSTOFNUN	75
FYLGISKJÖL	

SKÝRSLA

Yfirskoðunarmanna vegna Ríkisreiknings fyrir árið 1987.

I.

Hinn 1. desember sl. rituðu yfirskoðunarmenn ríkisreiknings fyrir 1987 fjármálaráðherra bréf, þar sem tilkynnt er að þeir hafi lokið athugun sinni á ríkisreikningi 1987. Í bréfinu segir:

"Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings hafa lokið störfum við athugun á ríkisreikningi fyrir árið 1987.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna um endurskoðun ríkisreiknings 1987 verður tilbúin til framlagn-ingar á Alþingi innan tíðar. Með tilliti til ákvæða laga nr. 12/1986 um Ríkisendurskoðun þykir yfirskoðunarmönnum eðlilegt að þessir aðilar skili sameiginlega sjálfstæðri skýrslu um þessa endurskoðun og að ríkisreikningur 1987 verði ekki prentaður upp með skýrslu eða athugasemdum yfirskoðunarmanna eins og tíðkast hefur.

Yfirskoðunarmenn leggja til að ríkisreikningur fyrir árið 1987 verði samþykktur og að Alþingi samþykki fjáráukalög vegna gjaldfærslu umfram fjárlög ársins 1987.

Lagt er til að frumvarp til laga um samþykkt á ríkis-reikningi fyrir árið 1987 og frumvarp til fjáráukalaga fyrir árið 1987 verði lögð fram á Alþingi nægilega tímanlega til þess að unnt sé að afgreiða þau samhliða fjárlögum fyrir árið 1989."

Í framhaldi af bréfi þessu er hér lögð fyrir Alþingi sameiginleg skýrsla Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna vegna endurskoðunar ríkisreiknings 1987. Er til þess ætlast að hún geti, ásamt reikningnum sjálfum, sem útbýtt var á Alþingi í október sl., orðið grundvöllur umræðna þegar ríkis-reikningurinn verður borinn upp til samþykktar ásamt fjáráukalögum.

Ríkisendurskoðun hefur frá 1. janúar 1987 starfað á grundvelli hinna tilvitnuðu laga frá 1986 og heyrir nú beint undir Alþingi en ekki fjármálaráðherra eins og áður var.

Í lögunum segir m.a. að Ríkisendurskoðun skuli annast endurskoðun ríkisreiknings og reikninga annarra ríkisstofn-ana. Einnig segir að Ríkisendurskoðun skuli vera yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkissjóðs, en yfirskoðunarmenn eru kjörnir árlega skv. ákvæðum 43. greinar stjórnarskrárinnar.

Ljóst er að með tilkomu þessara laga munu verkefni yfirskoðunarmanna breytast nokkuð frá því sem verið hefur, þótt stjórnarskrárákvæði um störf þeirra standi óbreytt.

Ekki er enn fengin nægileg reynsla af hinni nýju skipan til að unnt sé að fullyrða um hvaða verkaskipting milli Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna henti best til frambúðar. Þó er ljóst að öll almenn endurskoðun og eftirlit með daglegum rekstri stofnana verður á verksviði Ríkisendurskoðunar svo sem verið hefur í framkvæmd um áratuga skeið.

Yfirskoðunarmenn telja eðlilegt með hliðsjón af breytttri löggjöf að hverfa nú frá spurningalistum fyrri ára um einstaka liði í rekstri ríkisstofnana. Slík atriði falla betur undir almenna eftirlitsskyldu Ríkisendurskoðunar. Þess í stað eru í skýrslu þessari gerðar almennari athugasemdir við ríkisreikninginn og framkvæmd ríkisfjármála á því ári sem um ræðir.

Ætla má að þessi breyting á vinnutilhögun geti við venjulegar aðstæður orðið til þess að flýta endanlegri samþykkt ríkisreiknings og fjáráukalaga á Alþingi. Hafa bæði yfirskoðunarmenn og Ríkisendurskoðun lagt kapp á að vinna þannig að yfirferð Ríkisreiknings fyrir árið 1987 að leggja mætti þessa skýrslu fyrir Alþingi áður en fjárlagafrumvarp fyrir 1989 verður afgreitt.

Yfirskoðunarmenn telja jafnframt eðlilegt að þeirri reglu verði komið á, að fjáráukalög liðins árs verði afgreidd á Alþingi samhliða fjárlögum komandi árs. Slík regla auðveldar allan samburð milli ára, auk þess sem eldri ríkisreikningar og frumvörp til fjáráukalaga fyrir löngu liðin ár veita hvorki framkvæmdavaldshöfum tilskilið aðhald né gera fjárveitingavaldinu nægilega vel kleift að fylgjast með afleiðingum ákvarðana sinna. Sýnist kjörið að koma þessari reglu á við afgreiðslu ríkisreiknings fyrir fyrsta árið sem Ríkisendurskoðun heyrir beint undir Alþingi.

II.

Niðurstöður ríkisreiknings fyrir árið 1987 sýna að útgjöld urðu 53.582 milljón krónur, en í fjárlögum var gert ráð fyrir 45.872 milljón króna útgjöldum. Útgjöld fóru því um 16,8% fram úr áætlun fjárlaga.

Hér ber að hafa í huga að fjárlög eru samin á greiðslugrunni en ríkisreikningur gerður upp á rekstrargrunni. Koma því fram í ríkisreikningi öll gjöld og tekjur sem vitað er um að fallið hafa til á reikningsárinu þó svo greiðsla gjalda eða innheimta skatta fari að einhverju leyti fram síðar.

Tekjur urðu 52.324 milljónir króna eða 21,6% umfram fjárlagaáætlun. Voru gjöld umfram tekjur því 1.258 milljónir króna í stað 2.843 milljóna króna sem áætlað hafði verið í fjárlögum.

Á árinu 1986 fóru útgjöld um 23,0% fram úr áætlun fjárlaga og 17,4% árið 1985. Á síðustu árum hefur munur raunverulegra ríkisútgjalda og áætlunar í fjárlögum mestur orðið 36,6% árið 1983.

Yfirskoðunarmenn óskuðu sérstaklega eftir upplýsingum um allar þær ríkisstofnanir sem fóru meira en 27% fram úr fjárveitingum á fjárlögum ársins 1987 og skýringum vegna þessara umframútgjalda.

Hér er um að ræða 82 embætti og stofnanir og fylgir listi yfir þær með sem fylgiskjal 1. Vísast í það fylgiskjal sem og í skýringar og athugasemdir í meðfylgjandi skýrslu Ríkisendurskoðunar um einstaka þætti í rekstri þessara aðila.

Í sumum þeirra tilfella þar sem umframútgjöld eru veruleg er auðsætt að fjárveitingar á fjárlögum hafa verið óraunhæfar miðað við þá starfsemi eða þjónustu sem fjárveitingavaldið hefur sjálft ætlað viðkomandi stofnun að inna af hendi.

Gerðar hafa verið leiðréttingar hjá ýmsum stofnunum að þessu leyti til á undanförunum árum samhliða umbótum í fjárlagagerðinni sjálfri. Engu að síður er ljóst að fjárveitingavaldið hefur ekki enn horfst í augu við raunverulegt umfang í starfsemi hjá öllum stofnunum ríkisins og þann kostnað sem hún hefur í för með sér. Á því verður að ráða bót í fjárlagagerðinni með nákvæmari samsvörun milli ráðgerðs þjónustustigs, áætlaðs kostnaðar og sértekna í stað þess að leiðrétta slíkt ósamræmi eftir á með aukafjárveitingum og fjárauðum.

Eðlilegt er að fram fari stöðugt endurmat á tilgangi og hlutverki einstakra ríkisstofnana í ljósi breyttra aðstæðna og kannað sé hvort draga megi úr starfsemi, sameina stofnanir eða leggja niður.

Slíku endurmati má hins vegar ekki rugla saman við nauðsyn þess að veita eðlilegu fjármagni til starfsemi sem Alþingi hefur falið ríkisstofnunum að annast. Raunhæfar fjárveitingar ásamt aðhaldi og traustu eftirliti eru forsenda bættrar fjármálastjórnar hjá hinu opinbera og aukins sjálfsforræðis einstakra stofnana.

Á hinn bóginn er líka eðlilegt að gerð sé sú krafa til Alþingis að það samþykki ekki lög um starfsemi eða þjónustu sem það ekki treystir sér til að fjármagna.

En þótt sums staðar sé brestur í áætlanagerð fjárlaga er eigi að síður sýnt að víða skortir á nægilegt aðhald í rekstri stofnana, jafnvel þótt forstöðumenn þeirra telji sig hafa fengið heimildir frá réttum aðilum til að ráðstafa fjármunum umfram fjárlög.

Ekki er ætlunin að rekja einstök dæmi um aðhaldsleysi hér heldur mun Ríkisendurskoðun sjá um að koma slíkum ábendingum á framfæri við þá sem í hlut eiga. Aðeins skulu nefnd nokkur atriði almenns eðlis.

Í ljós hefur komið að stjórn á vinnuafslnotkun er víða ábótavant. Kemur það bæði fram í mannahaldi umfram stöðu-

heimildir sem og yfirvinnu langt fram yfir það sem eðlilegt getur talist.

Yfirskoðunarmenn hafa rekist á nokkur dæmi þess, að einstakir menn hafi fengið greiddar um eða yfir 1600 yfirvinnustundir á árinu. Slíkt vinnuframlag er með ólíkindum og bendir til þess að pottur sé brotinn í skipulagi eða stjórnun. Móti þessu má e.t.v. sporna með markvissara eftirliti af hálfu fjármálaráðuneytisins og samstarfi þess við stjórnendur og stéttarfélag. Einnig kemur til athugunar hvort meira sjálfsforræði stjórnenda í launamálum gæti leitt til hagkvæmara vinnuskipulags, minna mannahalds og sparnaðar af þeim sökum.

Þá virðist viðhaldskostnaður á bifreiðum í eigu ríkisins oft óeðlilega hár. Yfirskoðunarmenn hafa þannig séð dæmi þess að viðgerðarkostnaður á einstökum ríkisbifreiðum hafi verið allt að 1,3 milljónum króna á árinu 1987. Hlýtur mjög að orka tvímælis hvort slíkar viðgerðir svara kostnaði og vaknar þá sú spurning hvort endurnýjun bifreiða hjá einstökum ríkisstofnunum sé með eðlilegum hætti.

Sama máli gegnir um viðhald á húseignum ríkisins, þar sem skortur á reglubundnu viðhaldi hefur oft á tíðum leitt til kostnaðarsamra viðgerða.

Sá háttur sem hafður er á um opinberar framkvæmdir hefur einnig vakið athygli yfirskoðunarmanna. Hlýtur að koma til skoðunar hvort unnt sé að auka hagkvæmni í þeim mikilvæga málaflokki með breytingum á vinnubrögðum frá því sem nú tíðkast. Engar tillögur eru þó um það gerðar hér, enda kalla allar breytingar í þessu efni á rækilegri athugun og undirbúning en yfirskoðunarmenn hafa haft aðstöðu til að inna af hendi.

III.

Yfirskoðunarmenn hafa við yfirferð ríkisreiknings 1987 beint sjónum að nokkrum almennum atriðum um meðferð ríkisfjármála og framkvæmd fjárlaga.

Er hér um að ræða meðferð aukafjárveitinga, afgreiðslu fjáráukalaga, notkun heimilda í 6. grein fjárlaga og innheimtu ríkissjóðstekna.

Að því er veitingu aukafjárheimilda varðar er ljóst að mjög skortir skýrar reglur um þau efni sem tryggja jafnt eðlileg áhrif og eftirlit fjárveitingavaldsins og svigrúm framkvæmdavaldshafa til að mæta breyttum aðstæðum á fjárlagaárinu.

Óviðunandi er fyrir Alþingi sem fjárveitingavald að unnt sé t.d. að taka ákvarðanir um nýja starfsemi á vegum hins opinbera eða um sérstök framlög úr ríkissjóði án aðildar þess eða atbeina. Rétt er þó að hafa í huga að óhjákvæmilegt er fyrir fjármálaráðherra að hafa visst svigrúm til að mæta

ófyrris séðum útgjöldum, t.d. vegna launa- og verðlagsbreytinga.

Yfirskoðunarmenn telja eðlilegt og í samræmi við aðrar umbætur síðustu ára í meðferð ríkisfjármála og við endurskoðun ríkisútgjalda að Alþingi setji í lög skýrar reglur um afgreiðslu aukafjárveitinga innan fjárlagaársins.

Í þessu sambandi kemur einnig til álita að flýta framlagningu frumvarps til fjárlaga á ári hverju, þannig að það verði jafnan lagt fram í upphafi hvers árs vegna þeirra umframútgjalda ársins á undan sem Alþingi hafði ekki sjálft heimilað. Endurskoðaður ríkisreikningur kæmi síðan til samþykktar Alþingis á haustþingi og hugsanlega önnur fjárlög ef endurskoðun leiddi í ljós að þeirra gerðist þörf.

Yfirskoðunarmenn leggja jafnframt til að mjög verði þrengdar þær heimildir til lántöku og útgjalda sem fjármálaráðherra eru veittar með 6. grein fjárlaga. Þar eru gjarnan á ferðinni opnar heimildir til umfangsmikilla fjármálaráðstafana og eignakaupa fyrir opinbera aðila. Slíkar opnar heimildir samrýmast ekki kröfum um nútímaleg vinnubrögð í ríkisfjármálum og við útgjaldaeftirlit. Eðlilegast virðist í þessu sambandi að veita sérstökum fjármunum beint til þeirra ráðstafana sem um ræðir í hvert sinn eða ákveða hámark þeirra fjárhæðar sem ráðstafa má samkvæmt hverri heimild fyrir sig.


Yfirskoðunarmenn vilja einnig benda á nauðsyn þess að innheimta ríkistekna sé samræmd milli umdæma og að alls staðar sé farið eftir sömu reglum að því er innheimtuaðgerðir og meðferð eftirstöðva varðar.

Eins og sjá má á upplýsingum í töflu í eftirfarandi greinargerð Ríkisendurskoðunar er mjög breytilegt eftir umdæmum hvernig ríkissjóðstekjur innheimtast.


Loks vilja yfirskoðunarmenn ítreka ábendingar fyrirrennara sinna um að skrá yfir eignir ríkisins, þ.m.t. jarðir og fasteignir, verði komið í eðlilegt horf.

Eins og fram kemur í bréfi yfirskoðunarmanna til fjármálaráðherra leggja þeir til að ríkisreikningur fyrir árið 1987 verði samþykktur og að Alþingi samþykki fjárlög vegna gjaldfærslu umfram fjárlög árið 1987.

Reykjavík, 21. desember 1988


Geir H. Haarde


Jóhanna Eyjólfsdóttir


Sveinn G. Halfdánarson



RÍKISENDURSKOÐUN

LAUGAVEGI 105 - REYKJAVÍK

Til Alþingis

Tilv.

Dags.

Samkvæmt lögum nr. 12/1986 um Ríkisendurskoðun 6. gr. segir m.a. að Ríkisendurskoðun skuli annast endurskoðun ríkisreiknings. Í nefndum lögum er í fyrsta sinn kveðið á um að stofnunin skuli framkvæma endurskoðun ríkisreiknings. Endurskoðunarskýrsla sú sem hér er lögð fram ásamt skýrslu yfirskoðunarmanna fjallar um ríkisreikninginn fyrir árið 1987.

Í endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar eru settar fram athugasemdir stofnunarinnar sem hún vill vekja sérstaka athygli á. Ríkisendurskoðun telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við reikningsskil annarra stofnana vegna ársins 1987.

Í 12. gr. 1. 12/1986 um Ríkisendurskoðun segir að árlega skuli samin heildarskýrsla um störf Ríkisendurskoðunar á liðnu almanaksári. Skal hún lögð fyrir Alþingi. Stofnunin mun í byrjun næsta árs leggja fram nefnda skýrslu um störf Ríkisendurskoðunar frá því að lögin tóku gildi.

Ríkisendurskoðun 21. desember 1988.

Halldór V. Sigurðsson

Sigurður Þórðarson

SKÝRSLA

Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings
fyrir árið 1987.

Rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs á árinu 1987 sýnir gjöld umfram tekjur að fjárhæð 1.258 milljónir króna en á árinu 1986 varð rekstrarhalli að fjárhæð 6.198 milljónir króna. Á árinu 1986 var gjaldfært vegna yfirtöku A-hluta ríkissjóðs á skuldum frá orkugeiranum er námu 5.081 milljón króna og á árinu 1987 kom einnig til gjaldfærslu vegna yfirtöku skulda frá orkugeiranum að fjárhæð 773 milljónir króna.

Heildartekjur A-hluta ríkissjóðs nam 52.323,5 milljónum króna sem er hækkun frá fyrra ári um 30,2% og greinist þannig:

Fjárhæð m.kr.	1987	1986	%
Beinir skattar	6.380,7	6.253,2	2,0
Óbeinir skattar	42.017,2	30.460,1	37,9
Aðrar tekjur	209,1	256,0	(22,4)
Fjármunatekjur	3.716,6	3.207,5	15,9
	-----	-----	-----
Alls	52.323,6	40.176,8	30,2
	=====	=====	=====

Heildargjöld A-hluta ríkissjóðs námu 53.581,7 milljónum króna sem er hækkun frá fyrra ári um 15,5% og greinist þannig:

Fjárhæð m.kr.	1987	1986	%
Launaútgjöld	15.391,2	10.709,6	43,7
Ýmis rekstrargjöld	9.377,5	7.037,7	33,2
Eignir	1.403,3	768,8	82,5
Tilfærslur o.fl.	27.702,0	26.925,3	2,9
Fjármagnsgjöld	4.372,3	4.032,4	8,4
	-----	-----	-----
	58.246,3	49.473,8	17,7
- sértekjur	4.664,6	3.099,2	50,5
	-----	-----	-----
	53.581,7	46.374,2	15,5
	=====	=====	=====

Heildareignir A-hluta ríkissjóðs skv. ríkisreikningi námu í árslok 1987 42.106,2 milljónum króna sem er 6.844,7 milljónum króna hærri fjárhæð en var í árslok 1986. Hér er um að ræða peningalegar inneignir, skammtímakröfur, veitt langtímalán ásamt hlutafé og stofnframlögum. Hins vegar eru ekki færðir til eigna fastafjármunir s.s. húseignir, tæki og

áhöld, en samkvæmt lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga skal fjárveiting til fjármunamyndunar aðila í A-hluta ríkissjóðs ekki eignfærð, heldur færð til gjalda.

Heildarskuldir A-hluta ríkissjóðs námu í árslok 1987 57.061,8 milljónum króna sem er aukning um 8.806,0 milljónir króna frá árslokum 1986. Skammtímaskuldir eru 2.139,1 milljón króna hærri í árslok 1987 en á árinu áður og langtímaskuldir 6.666,9 milljónum króna hærri en í árslok 1987.

EIGNIR:

Fjárhæðir m.kr.	31.12.1987	31.12.1986	Breyting
Sjóðir og bankainnist.	846,1	637,8	208,3
Skammtímakröfur	15.621,6	11.032,5	4.589,1
Veitt langtímalán	23.733,3	22.455,0	1.278,3
Hlutfé og stofnfjár- framlög	1.905,1	1.136,2	768,9
	-----	-----	-----
Alls	42.106,1	35.261,5	6.844,6
	=====	=====	=====

SKULDIR.

Skammtímaskuldir	6.216,1	4.077,0	2.139,1
Langtímalán	50.845,7	44.178,8	6.666,9
	-----	-----	-----
Alls	57.061,8	48.255,8	8.806,0
	=====	=====	=====

Á árinu 1987 hefur A-hluti ríkissjóðs aukið peningalegar skuldir sínar umfram peningalegar eignir og kröfur um 1.961,4 milljónir króna.

Ríkistekjur 1987

Tekjur og innheimta þeirra

Fjárlög ársins 1987 gerðu ráð fyrir að innheimtar tekjur ríkissjóðs yrðu 43.029 milljónir króna. Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1987 námu hins vegar 48.957 milljónum króna, sem er 13,8% hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Helstu breytingar á innheimtu miðað við fjárlög eru:

	Innheimt 1987	Fjárlög 1987	Frávik
Beinir skattar	6.103	6.626	-523
Aðflutningsgjöld	6.653	5.264	1.389
Sölugjald	19.971	17.430	2.541
Hluti af hagnaði Á.T.V.R	3.200	2.650	550
Aðrir óbeinir skattar	10.096	8.405	1.691
Aðrar tekjur	2.934	2.654	280
	48.957	43.029	5.928

Helstu skýringar á ofangreindum frávikum eru:

- Beinir skattar Minni tekjubreyting var milli áranna 1986 og 1987 en ráð var fyrir gert í fjárlögum og innheimta þinggjalda félaga var lakari á árinu 1987 en árið áður.
- Aðflutningsgjöld Almennur innflutningur jókst verulega á árinu, einkum innflutningur bíla, en hann skilaði mun hærri tekjum en ráð var fyrir gert.
- Sölugjald Verðlag hækkaði umfram forsendur fjárlaga og velta jókst mikið. Þá var söluskattstofn víkkaður út sl. haust.
- Hagn. Á.T.V.R Verð á áfengi og tóbaki var hækkað mun meira en gert var ráð fyrir, auk þess sem magnaukning varð á árinum umfram það sem áætlað var.
- Aðrir ób. skattar Skýringa er einkum að leita í hækkun verðlags umfram forsendur fjárlaga og veltuaukningar.
- Aðrar tekjur Tekjuaukningin skýrist aðallega af sölu eigna, sem var um 108 milljónum króna hærri en áætlað hafði verið.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1987 urðu 10.844 milljónum króna hærri en árið 1986 eða 28,5%. Af þessari aukningu skilaði söluskattur mestu eða 5.528 milljónum króna og hækkaði hann um 38,3% á milli ára.

Af öðrum tekjuliðum má nefna að ýmis gjöld af innflutningi urðu 1.028 milljónum króna hærri nú en árið 1986 og nemur hækkunin 45,0%. Innflutningur til landsins jókst verulega á árinu 1987, frá því sem var á árinu 1986. Sem dæmi má nefna að tollafgreiðslum fjölgaði um rúm 8% hjá tollstjóranum í Reykjavík og einnig hjá tollafgreiðslum flestra tollstjóra á landinu. Alls urðu tollafgreidd skjöl hjá öllum tollstjórum og tollpóstafgreiðslum 401.130 á árinu 1987.

Skattar af einkasöluvörum skiluðu 773 milljónum hærri tekjum nú en árið 1986 og skattar af launagreiðslum 890 milljónum króna hærri tekjum.

Innheimtuárangur

Tekjur ríkissjóðs til innheimtu á árinu 1987 námu 57.763 milljónum króna og er þá að stærstum hluta tekið tillit til ógjaldfallinna eftirstöðva. Er þetta 31% hækkun frá árinu 1986.

Tekjur ríkissjóðs til innheimtu greinast svo:

Í m.kr.	1987	1986	Breyting
Fært til tekna á árinu	52.323	40.177	30,2%
Gjaldf. eftirst. 1/1	5.439	3.908	39,2%
	-----	-----	-----
Til innheimtu	57.762	44.085	31,0%
Innheimt á árinu	48.957	38.113	28,5%
	-----	-----	-----
	8.805	5.972	47,4%
Innheimt fé f. aðra	15	(53)	-
	-----	-----	-----
	8.820	5.972	49,0%
Aukning ógjaldf. eftirst.	(1.095)	(480)	128,2%
	-----	-----	-----
Gjaldf. eftirst. 31/12	7.725	5.439	42,0%
	=====	=====	=====
 Innheimtuhlutföll	 84,8%	 86,5%	

Lakara innheimtuhlutfall þýðir um 1.008 milljónum króna minni innheimtu ríkissjóðstekna á árinu 1987.

Helstu innheimtuhlutföll einstakra teknaliða eru:

	<u>1987</u>	<u>1986</u>
Þinggjöld einstaklinga	80,1%	78,5%
Þinggjöld félaga	65,1%	67,4%
Söluskattur	95,2%	96,4%

Yfirlit yfir árangur einstakra innheimtuembætta í innheimtu ofangreindra gjalda er að finna í fylgiskjali 2. Mismunur á innheimtuhlutfalli söluskatts stafar af staðgreiddum söluskatti, sem ekki er tekið tillit til í yfirlitinu.

Skýringin á slakri innheimtu sölugjalds hjá sýslumanni á Hvolsvelli er sú að í mars 1987 var lagt á fyrirtæki í umdæminu söluskattur vegna árána 1982 - 1985, sem nam tugum milljóna króna. Sú álagning var kærð og er nú til meðferðar í dómskerfinu.

Eftirstöðvar

Óinnheimtar tekjur ríkissjóðs í árslok 1987, námu 11.346 milljónum króna og höfðu aukist um 42,8% frá árinu 1986. Samsvarandi hækkun á milli árána 1985 og 1986 er 34,0%. Hér ber að hafa í huga að hluti þessara eftirstöðva mun ekki innheimtast, og þótt ekki liggi fyrir hve stór sá hluti er, skiptir hann hundruðum milljónum króna. Ógjaldfallnar eftirstöðvar í árslok 1987 námu 3.511 milljónum króna en námu í árslok 1986 2.415 milljónum króna.

Eftirfarandi yfirlit sýnir hlutfall einstakra teknaliða í óinnheimtum eftirstöðvum og hækkun á milli árána 1986 og 1987.

	<u>Hlutfall</u> <u>af heild</u>	<u>Hækkun</u> <u>'86-'87</u>
Söluskattur	35,8%	53,5%
Þinggjöld	22,9%	11,9%
Launaskattur	14,2%	33,6%
Fjárm.tekjur (dr.v.)	21,0%	74,1%
Aðrar tekjur	6,1%	73,7%

Í dag er stærsti hluti ríkissjóðstekna innheimtur í sameiginlegu innheimtukerfi. Meginkostur þess er sá að hægt er að fylgjast með innheimtunni í hverjum mánuði og ennfreður að fá reglulega lista yfir útistandandi kröfur af hverju gjaldi. Þetta fyrirkomulag auðveldar eftirlit með innheimtu einstakra gjalda innan ársins og eykur jafnframt það aðhald sem nauðsynlegt er að veita varðandi innheimtu tekna ríkissjóðs.

Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að fylgst sé reglulega með innheimtu opinberra gjalda og telur eðlilegt að innheimtumenn gefi reglulega upplýsingar um gang innheimtu og innheimtuaðgerða.

Þar að auki er erfðarffjárskattur endurskoðaður sérstaklega sbr. lög þar um. Þá er reglulega fylgst með innheimtu stimpilgjalda, en lög þar um eru að stofni til frá 1978. Að mati Ríkisendurskoðunar er nauðsynlegt að huga að endurskoðun þeirra, m.a. vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á fjármagns- og tryggingamarkaði hin síðari ár.

Skil ríkissjóðstekna

Í árslok 1987 skulduðu innheimtuembætti í ríkssjóði rúmar 237 milljónir króna en áttu á móti í sjóði og á bankareikningum rúmar 263 milljónir króna. Skuldir innheimtuembætta í árslok 1986 námu 102 milljónum króna.

Það embætti sem sýnir mesta breytingu á milli ára er Lögreglustjórinn í Reykjavík, en skuld hans við ríkissjóð hækkaði um 100 milljónir á árinu.

Ástæða þessa er sú, að í stað þess að þiggja framlag úr ríkissjóði í samræmi við greiðsluáætlanir, notaði embættið innheimtufé til að greiða rekstrarkostnað. Ríkisendurskoðun gerði athugasemd við þetta fyrirkomulag og lagði fyrir embættið að skila öllu innheimtufé og fá framlag úr ríkissjóði til greiðslu rekstrarkostnaðar með hefðbundnum hætti.

Á undanfórnum árum hafa skil sýslumannsembættisins á Blönduósi ekki verið með þeim hætti sem áskilja verður af innheimtumönnum ríkissjóðs. Ríkisendurskoðun hefur ítrekað gert athugasemdir við skil embættisins á innheimtufé ríkissjóðs, en þrátt fyrir það hefur embættið haldið uppteknum hætti og notað fé ríkissjóðs í ýmsa lánastarfsemi.

Gjaldheimtur áttu inni hjá ríkissjóði í árslok rúmar 48 milljónir króna og munar þar mestu að gjaldheimtan í Hafnarfirði hafði skilað rúnum 54 milljónum króna hærri fjárhæð til ríkissjóðs en henni bar vegna mistaka við skiptingu innheimtufjár.

Afskriftir ríkissjóðstekna

Skv. ríkisreikningi hafa á árinu 1987 verið heimilaðar afskriftir upp á 229 milljónir króna, sem skiptast svo:

Söluskattur	8,7 m.kr.
Þinggjöld einstaklinga	68,9 -
Þinggjöld félaga	96,5 -
Önnur gjöld	54,9 -

	229,0 m.kr.
	=====

Áður en ný lög voru samþykkt um Ríkisendurskoðun, heimilaði hún afskriftir hjá innheimtumönnum ríkissjóðs í umboði fjármálaráðherra. Eftir samþykkt laganna er hins vegar ekki ljóst hvort Ríkisendurskoðun er ætlað þetta

hlutverk áfram, en á þessu ári hefur hún samþykkt afskriftir í samráði við fjármálaráðuneytið. Í samningum gjaldheimtna, sem stofnaðar hafa verið á undanförunum árum, er ákvæði um að fjármálaráðuneytið heimili afskriftir fyrir hönd ríkissjóðs, að fengnu samþykki viðkomandi sveitarfélaga. Hjá gjaldheimtunni í Reykjavík er það stjórn hennar sem samþykkir afskriftir.

Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að settar verði skýrar reglur um hverjir hafi heimild til að afskrifa kröfur ríkissjóðs hjá innheimtumönnum og gjaldheimtum og hvaða forsendur skuli liggja til grundvallar slíkum afskriftum. Þannig sé tryggt að forsendur fyrir afskriftum séu hinar sömu hjá öllum aðilum.

Tollaeftirlit

Ný tollalög nr. 55/1987 tóku gildi á árinu 1987. Í 32. grein segir m.a. um störf Ríkistollstjóra, „Ríkistollstjóri getur af sjálfsdáðum kannað aðflutnings- og útflutningsskjöl og hvert það atriði er varðar framkvæmd laga þessara um aðflutnings- og útflutningsgjöld eða aðra skatta eða gjöld sem álögd eru og innheimt af tollstjórum. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á frá tollstjórum.“

Daglegt eftirlit með tollafgreiðslum á vörum, sem verið hafði í umsjá Ríkisendurskoðunar, var því skv. lögunum eðlilegt að flytja til embættis ríkistollstjóra. Ný löggjöf um Ríkisendurskoðun, sem gildi tók 1. janúar 1987, felur einnig í sér að daglegt eftirlit með tollafgreiðslum er ekki innan verkswiðs endurskoðunarinnar. Þrátt fyrir það varð Ríkisendurskoðunin við þeim tilmælum fjármálaráðuneytisins í árslok 1986 að hafa fyrst um sinn óbreytt eftirlit með þessum verkefnum, eða þar til þeim yrði ráðstafað á annan veg. Það var síðan í ársbyrjun 1988 að ríkistollstjóri tók verkefnin til sín.

Ríkisendurskoðun gerði 1088 athugasemdir við framangreindar tollafgreiðslur. Áhrif athugasemda á innheimtu aðflutningsgjalda er ekki unnt að meta með tölulegum staðreyndum, þótt oft liggi fyrir innheimtuáhrif stakra athugasemda. Í mörgum tilvikum eru athugasemdir í senn krafa um breytta innheimtu gjalda og leiðbeinandi um framkvæmd og alltaf er þeim ætlað að stuðla að samræmdri framkvæmd, tollumdæma á milli.

Sem áður er að vikið felur núverandi löggjöf um Ríkisendurskoðun það í sér að dagleg endurskoðun tollskjala er ekki í verkswiði hennar. Sú starfsemi fluttist til embættis ríkistollstjóra eins og að framan er getið. Ríkisendurskoðun mun framvegis einkum beina athygli sinni að því hvernig ríkistollstjóri og tollstjórar landsins rækja þær skyldur sem á þeim hvíla og lúta að tolleftirliti og tollafgreiðslum og ekki síst að fyllsta samræmis sé í hvívetna gætt í allri framkvæmd.

00 ÆÐSTA STJÓRN RÍKISINS

Æðstu stjórn ríkisins er skipt í eftirtaldar stofnanir:

Embætti forseta Íslands
Alþingi
Ríkisendurskoðun
Ríkisstjórn
Hæstiréttur

Á árinu 1987 námu heildargjöld Æðstu stjórnar ríkisins 526,3 milljónum króna eða 1,0% af gjöldum A-hlutans. Hækkun frá árinu 1986 er 155,5 m.kr. eða 49,8% en gjöld Ríkisendurskoðunar eru þá ekki meðtalin þar sem hún tilheyrði ekki Æðstu stjórninni á árinu 1986.

Fjárlög og fjárheimildir 1987		m.kr.
Fjárlög		353,1
Launa- og verðlagshækkunir		35,2

	Samtals	388,3
Aukafjárveitingar		112,6
Geymdar fjárveitingar		2,4
Umframgreiðsla 1986		(0,5)

	Fjárheimild	502,8
		=====

Samanburður útgreiðslna og reiknings við fjárlög að viðbættum launa- og verðlagshækkunum.

í þús. kr.	Fjárlög 1987	Launab. Verðl.h.	Fjárlög m/launab.	Reikningur 1987	Frávik í %	Greiðslur 1987	Frávik í %
1 Embætti forseta Íslands	22.783	1.608	24.391	65.382	168,06	56.156	130,23
2 Alþingi	246.122	14.570	260.692	346.170	32,79	342.896	31,53
2 Ríkisendurskoðun	44.793	5.580	50.373	58.583	16,30	56.844	12,85
3 Ríkisstjórn	25.742	9.295	35.037	37.189	6,14	36.959	5,49
4 Hæstiréttur	13.708	4.122	17.830	18.998	6,55	18.998	6,55
Samtals	353.148	35.175	388.323	526.322	35,54	511.853	31,81

Fjárheimild var 502,8 m.kr. en greiðslur urðu 511,8 m.kr. Greiðslur umfram fjárheimild voru því 9,0 m.kr. eða 1,8%.

ATHUGASEMDIR VIÐ STOFNANIR

00-101 Embætti forseta Íslands

Heildargjöld embættisins námu á árinu 1987 65,4 milljónum króna sem er 187,0% umfram fjárlög.

Stærstu frávikin frá fjárlögum eru viðhaldskostnaður, sem nam 33,3 milljónum króna, en á fjárlögum voru áætlaðar 3,9 milljónir króna. Skýring á þessum mun er að finna í umfangsmiklum fornleifauppgreftir sem kom í framhaldi af viðgerð á gólfi. Kostnaður við opinberar heimsóknir nam 9,5 milljónum króna, sem er 123% hækkun frá fjárlögum. Þá hefur kostnaður vegna veitingu fálkaorðunnar farið verulega fram úr fjárlögum og nam á árinu 1,1 milljón króna, en skv. fjárlögum voru veittar 0,3 milljónir króna í þessum lið.

Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að raunhæf áætlun sé gerð vegna reksturs embætti forseta Íslands.

00-201 Alþingi

Heildargjöld Alþingis námu 346,1 milljón króna sem er 32,8% umfram fjárheimild.

Stærstu frávikin eru í launagjöldum, 75,7 milljónir króna, en þau hafa hækkað um 60% frá árinu 1986. Af einstökum viðfangsefnum hækkaði skrifstofu- og alþingis-kostnaður mest eða um 52,9 milljónir króna umfram fjárlög, sem er 80,7% hækkun.

Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að raunhæf áætlun sé gerð vegna reksturs Alþingis.

SKRÁ YFIR AUKAFJÁRVEITINGAR

Heiti stofnunar	Fjárhæð í þús.kr.	Skýringar
Embætti forseta Ísl.	11.900	Rekstrarerfiðleikar forseta-skrifstofu.
Embætti forseta Ísl.	442	Öryggisgæsla á Bessastöðum vegna viðgerða.
Embætti forseta Ísl.	4.150	Endurbætur á gólfi, hitak., tröppum o.fl.
Embætti forseta Ísl.	10.500	Vegna viðgerða á Bessastöðum.
Embætti forseta Ísl.	1.018	Kostnaður við öryggiskerfi á Bessastöðum.
Alþingi	78.000	Uppgjör vegna 1987.
Alþingi	6.600	Uppgjör vegna 1987.
	112.610	
	=====	

01 FORSÆTISRÁÐUNEYTI

Ráðuneytinu er skipt í eftirfarandi málaflokka:

Yfirstjórn
Önnur mál

Á árinu 1987 námu heildargjöld ráðuneytisins 197,1 milljón króna eða 0,4% af gjöldum A-hlutans. Hækkun frá árinu 1986 er 14,3 m.kr. eða 7,8%.

Fjárlög og fjárheimildir 1987		m.kr.
Fjárlög		162,8
Launa- og verðlagshækkunir		10,3

Samtals		173,1
Aukafjárveitingar		17,3
Umframgreiðsla 1986		(0,5)

Fjárheimild		189,9
		=====

Samanburður útgreiðslna og reiknings við fjárlög að viðbættum launa- og verðlagshækkunum.

í þús. kr.	Fjárlög	Launab.	Fjárlög	Reikningur	Frávik	Greiðslur	Frávik
	1987	Verðl.h.	m/launab.	1987	í %	1987	í %
1 Yfirstjórn	50.640	7.990	58.630	68.143	16,23	178.915	205,16
1-9 Önnur mál	112.132	2.369	114.501	128.983	12,65	17.063	-85,10
Samtals	162.772	10.359	173.131	197.126	13,86	195.978	13,20
	=====						

Fjárheimild ráðuneytisins var 189,9 m.kr. en greiðslur urðu 196,0 m.kr. Greiðslur umfram fjárheimild voru því 6,1 m.kr. eða 3,2%.

ATHUGASEMDIR VIÐ STOFNANIR

01-901 Húsameistari ríkisins

Mikil pensla var hjá Húsameistararanum á árinu 1987, ef tekið er mið af fjárlögum fyrir sama ár og á það jafnt við um tekju- og gjaldahliðina.

Helstu ástæður þessarar penslu voru framkvæmdir við Flugstöð Leifs Eiríkssonar á árinu. Mikil áhersla var lögð á að ljúka verkinu á tilsettum tíma og var m.a. bætt við starfsfólki til að það væri unnt. Verulegur dráttur er á að reikningar fyrir veitta þjónustu séu skrifaðir út á réttum tíma.

Ríkisendurskoðun telur að úr þessu beri að bæta.

SKRÁ YFIR AUKAFJÁRVEITINGAR

Heiti stofnunar	Fjárhæð í þús.kr.	Skýringar
Aðalskrifstofa	5.000	Vegna aukins rekstrar-kostnaðar 1987.
Aðalskrifstofa	300	Kostnaður Hraunhreinsunar-nefndar Vestmannaeyja.
Aðalskrifstofa	2.000	Aukinn rekstrarkostnaður 1987.
Aðalskrifstofa	1.651	Leiðr. á framl. ísl. til ráðherranefndar Norðurl.
Aðalskrifstofa	300	Ónotað framlag frá 1986.
Aðalskrifstofa	2.500	Styrkur til RK hússins.
Aðalskrifstofa	830	Endurnýjun á bifreið ráðherra.
Stjórnarráðsbyggingar	3.140	Kaup á húsgögnum fyrir viðskiptaráðuneyti.
Byggðastofnun	890	Framlag vegna Skeggja-staðarhrepps.
Þingvellir, Þjóðgarður og þingvallanefnd	150	Mat á virði húsakynna Hótel Valhallar.
Þingvellir, Þ. og Þ.	500	För arkitekta Þingvalla-nefndar til USA.

17.261

02 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI

Ráðuneytinu er skipt í eftirfarandi málaflokka:

Yfirstjórn
Háskólinn og ýmis rannsóknarstarfsemi
Mennta-, fjölbrauta- og kennaraskólar
Ýmis fræðslumál
Sérskólar
Héraðs- og grunnskólar
Önnur fræðslu- og uppeldismál
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi

Í ríkisreikningi eru stofnanir (fjárlaganúmer) á vegum ráðuneytisins taldar vera 138 talsins.

Á árinu 1987 námu heildargjöld ráðuneytisins 8.578,7 m. kr. eða 16,0% af gjöldum A-hlutans. Hækkun frá árinu 1986 er 2.001,7 m.kr. eða 38,4%.

Fjárlög og fjárheimildir 1987	m.kr.
Fjárlög	7.117,2
Launa- og verðlagshækkunar	1.050,7
Samtals	8.167,9
Aukafjárveitingar	172,1
Geymdar fjárveitingar	12,0
Umframeyðsla 1986	(8,4)
Fjárheimild	8.343,6

Samanburður útgreiðslna og reiknings við fjárlög að viðbættum launa- og verðlagshækkunum.

Í þús. kr.	Fjárlög 1987	Launab. Verðl.h.	Fjárlög m/Launab.	Reikningur 1987	Frávik í %	Greiðslur 1987	Frávik í %
1 Yfirstjórn	79.585	10.368	89.953	113.747	26,45	111.578	24,04
2 Hásk. og ranns.starf	856.759	107.837	964.596	990.981	2,74	990.779	2,71
3 Framhaldsskólar	1.090.412	163.881	1.254.293	1.302.929	3,88	1.416.993	12,97
4 Ýmis fræðslumál	123.952	6.219	130.171	142.566	9,52	136.825	5,11
5 Sérskólar	607.049	87.139	694.188	779.611	12,31	718.869	3,56
6-7 Héraðs- og grunnskólar	2.671.122	639.699	3.310.821	3.383.802	2,20	3.321.832	0,33
8 Önnur fræðslumál	1.029.521	1.196	1.030.717	1.047.857	1,66	1.030.058	-0,06
9 Söfn, list. og m.mál	658.759	34.379	693.138	817.185	17,90	740.420	6,82
Samtals	7.117.159	1.050.718	8.167.877	8.578.678	5,03	8.467.354	3,67

Fjárheimild ráðuneytisins var 8.343,6 m.kr. en greiðslur urðu 8.467,4 m.kr.. Greiðslur umfram fjárheimild voru því 123,8 m.kr. eða 1,5%.

ATHUGASEMDIR VIÐ STOFNANIR.

02-201 Háskóli Íslands

Endurskoðun hjá háskólanum fyrir árið 1987 hefur aðallega beinst að athugun á innri eftirlitsþáttum og skipulagi.

Í ljós kemur að eftirlitsþáttum og skipulagi er víða áfátt og þó að breytingar hafi verið gerðar á yfirstandandi ári þarf enn að gera betur. Ástæður þessa má einkum skýra með því hvað fjármálaleg yfirstjórn háskólans er veik og fáliðuð og starfsemi dreifð.

Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að styrkja yfirstjórn Háskólans hvað varðar fjármálalega umsýslu.

Samkvæmt ársreikningi nema framkvæmdir sem greiðast eiga af tekjum frá Hapdrætti Háskóla Íslands alls 195.389 þúsund króna. Tekjur frá Hapdrættinu námu 250.468 þúsund króna. Mismuni var varið til greiðslu á öðrum gjöldum. Samkvæmt lögum má einungis nýta hapdrættisfé til stofnframkvæmda og viðhalds.

Ríkisendurskoðun telur að Háskólinn beri að fara eftir þessum lögum og leiðrétta þessa ráðstöfun á árinu 1988.

02-202 Tilraunastöð Háskólans á Keldum

Niðurstöðutölur reiknings eru 30.539 þús., greiðslur úr ríkissjóði námu 33.073 þús., fjárlög heimila 23.559 þús. sem að viðbættum launabótum gera 27.476 þús. Greiðslur umfram fjárheimild nema 20,4%. Reikningstölur umfram fjárheimild nema 11,1%.

Athugasemdir voru gerðar:

- Við innra eftirlit varðandi skort á áritunum.
- Við skuldasöfnun dýralækna og fiskeldisfyrirtækja.
- Við aukinn launakostnað, en fjölgun starfsfólks milli ára var 4 stöðugildi og yfirvinna jókst um 41%. Að hluta til er aukningin vegna nýrra búgreina og að hluta til vegna fiskeldis.

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að innheimtu viðskiptaskulda verði hert og telur að tekjumöguleikar stofnunarinnar séu ekki fullnýttir, en aukning tekna gæti komið á móti auknum launaheimildum.

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda ber stofnunum að láta Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins annast byggingaframkvæmdir.

Framkvæmdir vegna kaupa á færanlegum kennslustofum fóru ekki í gegnum Framkvæmdadeildina eins og ætlast er til.

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að stofnanir fari eftir þessum lögum við byggingaframkvæmdir.

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda ber stofnunum að láta Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins annast byggingaframkvæmdir.

Kostnaður við byggingaframkvæmdir er ýmist greiddur af skólanum eða Framkvæmdadeildinni. Þetta fyrirkomulag er óeðlilegt og ekki í samræmi við lög um opinberar framkvæmdir. Jafnframt skapar þetta hættu á tvígreiðslum og veikir eftirlit með byggingakostnaði.

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að stofnanir fari eftir þessum lögum við byggingaframkvæmdir.

02-422 Námsgagnastofnun

Endurskoðun fyrir árið 1987 var sérstaklega beint að innri eftirlitsþáttum. Í meginráttum voru eftirlitsþættir í viðunandi horfi.

Athugasemdir voru gerðar:

- Varðandi samninga um námsefnisgerð við starfsmenn og félag í eigu starfsmanna Námsgagnastofnunar.
- Við skort á skráningu búnaðar og bóka í kennslumiðstöð.
- Við heimildaskort fyrir lántökum.
- Við fyrirkomulag á útkeyrslu varnings.

Við samanburð á fjárlögum og reikningi kemur fram veruleg misvísun milli launa og annars rekstrarkostnaðar. Launagjöld eru 27.180 þús. umfram fjárlög en önnur rekstrargjöld 26.941 þús. undir fjárlögum. Í ljós hefur komið að launaliður námsefnisgerðar var verulega vanáætlaður á fjárlögum. Þetta var leiðrétt á fjárlögum fyrir árið 1988. Sértekjur reynast 11.007 þús. undir áætlun fjárlaga.

Ríkisendurskoðun ætlast til að úr þessu verði bætt.

02-501 Tækniskóli Íslands

Veruleg frávik koma fram í rekstri skólans frá fjárlögum. Þennan umframkostnað má að mestu skýra með auknum launakostnaði vegna nýrra deilda án sambærilegra heimilda í fjárlögum. Nemendur urðu einnig fleiri en ráð var fyrir gert. Milli árána 1986 og 1987 er aukning á reiknuðum stöðugildum um 13. Af þeirri aukningu eru 8,47 stöðugildi vegna kennslu á háskólastigi, en 3,95 stöðugildi vegna kennslu á framhaldsskólastigi.

Ríkisendurskoðun telur að ekki eigi að leggja út í veigamiklar breytingar á kennslutilhögun á haustmisseri nema fyrirfram sé tryggt að heimildir séu fyrir hendi í fjárlögum.

02-517 Hótel- og veitingaskóli Íslands

Veruleg frávik frá fjárlögum skýrast með auknum nemendafjölda og auknu húsnæði. Skipting árganga í hópa hefur leitt til meiri kostnaðar við kennslu, bæði í verklegum og bóklegum greinum.

Ríkisendurskoðun telur að ekki eigi að leggja út í veigamiklar breytingar á kennslutilhögun á haustmisseri nema fyrirfram sé tryggt að heimildir séu fyrir hendi í fjárlögum.

02-561 Myndlista- og handiðaskóli Íslands

Veruleg frávik frá fjárlögum eru skýrð með húsnæðis-kostnaði sem er langt umfram áætlun fjárlaga. Virðist vera veruleg vanáætlun á þessum lið í fjárlögum 1987 og áfram á árinu 1988. Í fjárlögum 1987 er áætlað fyrir öðrum rekstrar-gjöldum alls 7.031 þús. en leigugreiðslur einar reyndust vera 12.807 þús.

Ríkisendurskoðun telur að annað hvort verði endurmeta áætlun um leigugreiðslur í fjárlögum, eða leita eftir ódýrara og hentugra húsnæði fyrir skólann.

02-601 - 02-610 Héraðsskólar

Um héraðsskóla má segja almennt, að með setningu grunnskólalaga nr. 63/1974 hefðu þeir átt að leggjast af í þeirri mynd sem þeir þá voru. Í dag eru hefðir látnar ráða um áframhaldandi starfsemi þeirra. Þetta á sérstaklega við um uppgjör á kostnaði við rekstur þeirra, en ríkisjóður kostar hann alfarið nema hvað varðar kennslulaun yngri deilda. Ekki er um sambærilega kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og gildir um venjulega grunnskóla. Virðist sem sveitafélögum sé mismunað í þessum efnum.

Ríkisendurskoðun telur að á þessu purfi að ráða bót.

02-700 - 02-708

Fræðsluskrifstofur

Samkvæmt lögum um grunnskóla eiga ríkið, sveitarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga að kosta rekstur fræðsluskrifstofanna í sameiningu. Þetta hefur ekki gengið eftir og þá einkum vegna þess að landshlutasamtök eru ekki til sem lögformleg samtök. Þau samtök sem nú eru til hafa því ekki sérgreinda tekjustofna og ekki vald til að skattleggja sveitarfélög til að standa undir greiðsluhluta sínum. Fræðsluskrifstofurnar hafa því ekki fengið þau framlög á móti ríkinu sem þeim var ætlað í grunnskólalögum. Framlag ríkis er lögum samkvæmt háð því að jafnhátt framlag komi frá landshlutasamtökum. Við uppgjör hefur kostnaði fræðsluskrifstofanna verið skipt í samræmi við skiptireglur laganna. Framlag til fræðsluskrifstofa á fjárlögum hefur verið áætlað í samræmi við lagaákvæði. Við uppgjör er framlagsskylda aðila reiknuð samkvæmt skiptireglu. Við þá skiptingu myndast skuld eða inneign greiðsluaðila gagnvart fræðsluskrifstofu. Á árinu 1987 greiddi ríkissjóður þannig umfram skyldu um 11 milljónir króna.

Ríkisendurskoðun telur að þetta ástand hafi alltof lengi verið látið reka á reiðanum. Nauðsynlegt er að taka til endurskoðunar ákvæði um rekstur fræðsluskrifstofa og hverjir eigi að kosta þann rekstur með það markmið í huga að gera þessi skil einfaldari.

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Reikningstölur stofnunarinnar eru eftirfarandi:

	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Sértekjur	(95)	(700)	636%
Launagjöld	12.175	13.102	8%
Önnur gjöld	7.526	13.923	85%
	-----	-----	----
Samtals	19.609	26.325	34%

Meginástæða þessara frávika er umsýsla safnsins með húsnæði sem keypt var fyrir það í desember 1985. Á fjárlögum hefur ekki verið áætlað að fullu fyrir kostnaði við rekstur þess.

Visað er til skýrslu Ríkisendurskoðunar um kaup ríkisins á fasteign að Laugavegi 162 fyrir Þjóðskjalasafn Íslands, en helstu niðurstöður eru:

1. Kaupin voru talin hagkvæmur kostur til lausnar á húsnæðisvanda stofnunarinnar og kaupverð var viðunandi miðað við efnislegt verðmæti húsnæðisins.
2. Ástand í húsnæðismálum safnsins var óviðunandi.
3. Leita hefði átt eftir samþykki Alþingis fyrir kaupum á húsnæði fyrir Þjóðskjalasafnið og

fjármálaráðuneytið átti að annast um kaup á fasteignum en ekki fagraðuneyti eins og var í þessu tilviki.

4. Þegar kaupin áttu sér stað átti að liggja fyrir kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um endurbætur til að koma húsnæðinu í nothæft ástand fyrir safnið. Áætlað er að kostnaður við endurbætur verði ekki undir 220 miljónum króna.

Deilt hefur verið um hver eigi að hafa umsjá yfir þessu húsnæði, þ.e. stjórnarnefnd safnsins eða Fasteignir ríkisins.

Ríkisendurskoðun er almennt þeirrar skoðunar að Fasteignir ríkisins eigi að hafa umsjá með skrifstofuhúsnæði í eigu ríkisins.

02-931 Náttúruverndarráð

Reikningstölur stofnunarinnar eru eftirfarandi:

	Fjárheimild	Reikningur	Mismunur	í %
Sértekjur	(7.681)	(7.308)	(373)	(4,9)%
Launagjöld	8.523	15.169	(6.646)	78,0%
Önnur gjöld	16.386	16.864	(478)	2,9%
	-----	-----	-----	-----
Samtals	17.228	24.725	(7.497)	43,5%

Fastráðnir starfsmenn voru 6 á árinu en heimild var fyrir 2,95. Þar fyrir utan var starfsfólk ráðið tímabundið til að sinna eftirlits- og rannsóknarstörfum, aðallega í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum og er heimild fyrir 1,6 stöðugildum.

Með hertum áherslum í umhverfismálum síðari ár hafa aukin verkefni hlaðist á Náttúruverndarráð, sérstaklega hvað varðar upplýsinga-, eftirlits- og athugunarskyldu þess. Þá er einnig átt við utanaðkomandi kröfur sem Náttúruverndarráð verður að sinna. Þetta ástand er ekki nýtt og virðist sem fjárveitingar hafi ekki fylgt eftir þeim kröfum sem ætlast er til að ráðið sinni.

Ríkisendurskoðun telur að í sumum tilvikum megi auka sértekjur stofnunarinnar, einkum hvað varðar beiðnir um sérstakar athuganir, sem komið gætu á móti auknum stöðuheimildum.

Í heimildum ráðsins er áætlað fyrir kostnaði og tekjum vegna rannsókna við Mývatn vegna Kísilgúrvinnslu. Ráðstöfun þessa fjár var falin sérstakri verkefnisstjórn og eru reikningstölur hennar ekki taldar með í tölum Náttúruverndarráðs.

Ríkisendurskoðun telur eðlilegt að þetta verði sameinað á eina hendi.

02-985 Félagsheimilasjóður

Sjóðurinn starfar eftir lögum nr. 107/1970 um félagsheimili. Í lögnum er ákvæði um að 10% af tekjum hans skuli renna í sérstakan sjóð, Menningarsjóð félagsheimila. Tekjur Félagsheimilasjóðs námu 19.000 þús. þannig að framlag í Menningarsjóð ætti að vera 1.900 þús. Í sjóðinn runnu 1.178 þús. þannig að á vantar 722 þús. Munar mestu um að ekki var reiknað framlag af aukafjárveitingum.

Ríkisendurskoðun telur að leiðrétta þurfi þetta á árinu 1988.

22-211 Háskólabíó

Við endurskoðun kemur fram að bókhald fyrirtækisins er ekki með þeim hætti sem gera verður kröfu um. Athugasemdir hafa verið gerðar um slaka innheimtu, skort á uppgjöri og greinargerð frá innheimtulögfræðingi, ásamt ónákvæmni í skýrslugerð.

Ríkisendurskoðun ætlast til að úr þessu verði bæt.

22-872 Lánasjóður ísl. námsmanna

Samkvæmt ársreikningi eru langtímakröfur taldar vera 8.934,0 m.kr.. Í raun eru kröfurnar að nafnverði 11.065,8 m.kr.. Veruleg óvissa er um hvað innheimtist af þessari kröfu vegna gildandi reglna um endurgreiðslur námsmanna. Út frá varkárniðsjónarmiði hafa þær því verið niðurfærðar samkvæmt ákveðnum forsendum til þess að eignir sjóðsins séu ekki ofmetnar í efnahagsreikningi.

Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemdir við þetta fyrirkomulag en vill að þetta komi fram.

22-970 Ríkisútvarpið - framkvæmdasjóður

22-971 Ríkisútvarpið - hljóðvarp

22-972 Ríkisútvarpið - sjónvarp

Visað til skýrslna Ríkisendurskoðunar um stjórnsýsluendurskoðun hjá Ríkisútvarpinu og athugun á eftirlitsþáttum innheimtukerfis Ríkisútvarpsins. Helstu niðurstöður eru:

1. Að starfsemi Ríkisútvarpsins sé almennt í samræmi við markmið stofnunarinnar.
2. Að efla beri yfirstjórn fjármála frá því sem nú er.
 - Hagdeild stofnunarinnar er nánast óvirk.
 - Innheimtudeild sinnir hlutverki sínu illa.
 - Bókunargögn frá hinum ýmsu deildum eru ekki alltaf staðfest.

3. Að í of miklum mæli er leitað eftir ráðgjafarþjónustu utan stofnunarinnar og að þau störf hafi oft á tíðum verið dagleg verkefni sem leysa á innan stofnunarinnar.
4. Að ekki sé nægjanleg festa hjá yfirstjórn sjónvarpsins.
5. Að flýta beri vinnu við að koma starfseminni allri undir eitt þak og að auka þurfi samvinnu milli hljóðvarps og sjónvarps.
6. Að starfslýsingar og skráðar starfsreglur vanti.
7. Að við afnám einkaleyfis á útvarpsrekstri hafi orðið verulegur samdráttur í auglýsingatekjum, sem samfara ónógum hækkunum afnotagjalda, lengingu dagskrár hljóðvarps og sjónvarps ásamt litlu aðhaldi til að mæta samdrætti í tekjum, leiddu til verulegs hallareksturs.
8. Að efirlitsþættir innheimtu- og auglýsingakerfa séu ófullnægjandi og að ekki eru fyrir hendi kerfislýsingar eða notendahandbækur.
9. Að tölvuvæðing hjá Ríkisútvarpinu hafi mistekist í mörgum veigamiklum atriðum og að heildarstefnu skorti í þessum málaflokki.
10. Að efla þurfi starfsmannahald og fá formlegar stöðuheimildir fyrir það starfsfólk sem starfar hjá stofnuninni og áætlað er fyrir.
11. Að tilkoma Menningarsjóðs útvarpsstöðva hafi ekki orðið til að létta af Ríkisútvarpinu kostnaði við rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands svo sem áætlað var og að endurskoða þurfi tilverurétt sjóðsins.
12. Að Ríkisútvarpið hafi ekki leitað eftir fullnægjandi heimildum til að gera kaup- og fjármögnunarleigusamninga.

Vakin er athygli á að hlutur hljóðvarps í afnotagjöldum fer minnkandi með hverju ári en hlutur sjónvarps vex að sama skapi. Útgjöld sjónvarps vaxa meira en útgjöld hljóðvarps.

Ríkisútvarpið er ein stofnun sem skiptist í rekstrar-einingarnar hljóðvarp, sjónvarp og framkvæmdasjóð. Á fjárlögum er tilgreind skipting eins og um þrjú fyrirtæki væri að ræða.

Ríkisendurskoðun telur eðlilegast að þessir fjárlagaliðir verði sameinaðir í einn.

22-973 Þjóðleikhúsið

Ríkisendurskoðun hefur vakið athygli menntamála- og fjármálaráðuneyta á skuldasöfnun Þjóðleikhússins við ríkissjóð. Í árslok 1987 nam skuldin 128.953 þús. og hafði aukist um 33,5% frá árinu 1986.

Ríkisendurskoðun telur að stofnunin verði aldrei fær um að greiða skuld þessa til baka og óraunhæft sé að taka ekki á þessu máli bæði til skamms tíma og til lengri tíma og gera forsvarsmönnum hennar kleift að reka hana samkvæmt raunhæfum áætlunum.

Bæta þarf skráningu á birgðum og auka eftirlit með sölu. Þá þarf að breyta fyrirkomulagi á bókhaldsskráningu þannig að innkomnir ógreiddir reikningar verði bókaðir jafnóðum.

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að úr þessu verði bætt.

SKRÁ YFIR AUKAFJÁRVEITINGAR

Heiti stofnunar	Fjárhæð í þús.kr.	Skýringar
Aðalskrifstofa	14.600	Uppgjör vegna 1987.
Aðalskrifstofa	3.000	Aukinn rekstrarkostnaður.
Aðalskrifstofa	2.000	Aukinn rekstrarkostnaður.
Aðalskrifstofa	600	Ráðning fulltrúa á sviði félagsmála.
Háskóli Íslands	700	Laun vegna rannsókna í fornleifafræði.
Háskóli Íslands	709	Framlag til stofnunar Sig. Nordal.
Háskóli Íslands	450	Laun lektors í alþjóða-stjórnámálum.
Háskólinn á Akureyri	2.000	Aukinn kostnaður v/Háskóla-kennslu á Akureyri
Náttúrufræðist. Ísl.	600	Ofátlaðar sértekjur í fjárlögum 1987.
Náttúrufræðist. Ísl.	244	Laun staðgengils deildarstjóra í 4 mán.
Byggingasj. rannsókna í þágu atvinnuveg.	7.860	Uppgjör á tekjum, einkal. gjald HHÍ 1986.
Menntask. v/Hamrahlíð	1.060	Greiðsla á leigu fyrir íþróttahús Vals.
Menntask. v/Hamrahlíð	3.000	Færanlegar kennslustofur
Menntask. á Egilsst.	5.000	Viðbótaframlag vegna bygg. kennsluhúsnæðis.
Framhaldsskólar óskipt	2.056	Framhaldssk. 15% álag kennara í orlofi.
Íþróttakennarask. Ísl.	500	Vegna umsjónar nýs íþróttahúss

Íþróttakennarask. ísl.	800	Kaup á gólfhreinsivél fyrir íþróttahús.
Framhaldssk. í V.eyjum	1.800	Hlutur ríkissjóðs í húsi fyrir heimavist.
Námsgagnastofnun	1.200	Innrétting á húsnæði fræðslumyndasafns.
Hótel og veitingask.	2.400	Kostnaður v/aukinna húsaleigugjalda og innrétt.
Myndl. og handiðask.	3.513	Leigugjöld.
Myndl. og handiðask.	1.237	Innréttingar og lagfæringar.
Leiklistarskóli ísl.	1.200	Húsaleiga umfram áætlun í fjárlögum 1987.
Héraðsskólar	3.000	Hluti ríkissjóðs í byggingarkostnaði.
Grunnskólar, almennt	1.850	Kostnaður við fíkniefnavarnir í skólum.
Grunnskólar, almennt	2.842	Grunnskólar 15% álag kennara í orlofi.
Grunnskólar, bygging	3.000	Greiðsla v/grunnskólabbygg. í Stykkishólmi.
Grunnskólar, bygging	7.500	Byggingakostnaður við ýmsa grunnskóla.
Vernd barna og ungl.	700	Undirbúningur á norrænni barnav. ráðstefnu.
Vernd barna og ungl.	300	Sýningarréttur á fræðslumynd um fíkniefni.
Náms og fræðimenn	155	Styrkur og námskeið í ísl. fræðum USA stúdenta.
Náms og fræðimenn	207	Námsgjöld hærri en áætlað í fjárlögum 1987.
Landsbókasafn ísl.	300	Húsaleiga v/auk. húsnæðis.
Þjóðminjasafn Íslands	500	Fornleifaranns. Bessastaðir.
Þjóðminjasafn Íslands	200	Rannsóknir á kirkjumunum.
Þjóðskjalasafn ísl.	500	Laun v/sérstakra verkefna.
Listasafn Ísland	9.500	Kostnaður við verkáfangum umfram fjárlög 1987.
Listasafn Íslands	10.000	Nýbygg. ónot. aukafjár. '85
Blindrabókasafn ísl.	280	Kostn. v/fæðingarorlof og ferðakostnaðar.
Náttúruverndarráð	880	Ofáætlaðar sértekjur í fjárlögum 1987.
Þjóðarbókhlaða	9.000	Skuld á byggingareikn. í Seðlabanka.
Þjóðarbókhlaða	20.000	Greiðsla á byggingarkostn.
Kvikmyndasjóður	6.000	Kaup á kvikmyndunum Punktur, punktur og Atómstöðin.
Listir, framlög	1.000	Leikfélag Akureyrar, framl.
Listir, framlög	500	Styrkur til Leikhúss kirkjunnar (Munk).
Listir, framlög	200	Ferð Norræna kvartettsins til Kína.
Listir, framlög	12.911	Ísl. Óperan rekstrarstyrkur
Listir, framlög	350	Ferðastyrkur unglunga Lúðra-sveitar Akureyrar.
Listir, framlög	200	Myndlistarsk. Rvk. viðbótarframlag.
Listir, framlög	300	Framl. Norræn Bókm.hátið í

Listir, framlög	90	Reykjavík
Listir, framlög	2.500	Styrkur til bandalags ísl. listamanna.
Listir, framlög	839	Ferðakostn. Sinfóníunnar til Grænlands.
Listir, framlög	500	Vegna Listahátíðar í Rvík.
Listir, framlög	700	Myndir Halldórs Péturssonar skipulag og varðveisla.
Listir, framlög	1.462	Sinfóníuhljómsveit æskunnar styrkur.
Listir, framlög	250	Styrkur til samtaka sem stóðu að Nart.
Listir, framlög	1.000	Karlakór Keflavíkur ferð til Kanada.
Félagsheimilasjóður	5.000	Framlag ríkisins til M hátíðar á Ísafirði.
Félagsheimilasjóður	2.000	Ólafsvík og Valur
Íþróttasjóður	3.000	Framlag til fél.heim. að Klifi Ólafsvík
Æskulýðsmál	60	Skiðadeild KR. vegna framkv. í Skálafelli.
Ýmis íþróttamál	300	Bandalag ísl. skáta ógr. styrkur 1984.
Ýmis íþróttamál	100	Styrkur v/millisvæðamóts í Ungverjalandi.
Ýmis íþróttamál	140	Styrkur v/Norðurlandamóts í skák.
Ýmis íþróttamál	100	Framlag til Norðurlandamóts unglunga í skák.
Ýmis íþróttamál	500	Framlag til Ólympíuleika í eðlisfræði.
Menntamál, ý. verkefni	925	Almenn íþróttastarfsemi.
Menntamál ým. verkefni	2.000	Styrkir á vegum menntamála- ráðuneytisins.
Menntamál ým. verkefni	170	Styrkur til Landakotsskóla.
Menntamál ým. verkefni	235	Ferð 3ja kennara til USA v/fikniefna.
Menntamál ým. verkefni	1.200	Afhending ísl. handrita frá Danmörku.
Menntamál ým. verkefni	200	Undirb. flutn. handrita Jóns Sveinssonar.
Menntamál ým. verkefni	100	85 ára afmæli Halldórs Laxness.
		Styrkur til reksturs barna- heimilis.

172.075

03 UTANRÍKISRÁÐUNEYTI

Utanríkisráðuneytinu er skipt í eftirfarandi málaflokka:

Yfirstjórn
Löggæsla Keflavíkurflugvelli
Sendiráð
Alþjóðastofnanir og ýmis utanríkismál

Í ríkisreikningi eru stofnanir (fjárlaganúmer) á vegum ráðuneytisins talin vera 19 talsins.

Á árinu 1987 námu heildargjöld ráðuneytisins 692,8 m.kr. eða 1,3% af gjöldum A-hlutans. Hækkun frá árinu 1986 er 196,3 m.kr. eða 38,5%.

Fjárlög og fjárheimildir 1987		m.kr.
Fjárlög		473,3
Launa- og verðlagshækkunar		59,0
	Samtals	532,3
Aukafjárveitingar		111,9
Umframgreiðsla 1986		(2,3)
	Fjárheimild	641,9

Samanburður útgreiðslna og reiknings við fjárlög að viðbættum launa- og verðlagshækkunum.

Í þús. kr.	Fjárlög 1987	Launab. Verðl.h.	Fjárlög m/launab.	Reikningur 1987	Frávik í %	Greiðslur 1987	Frávik í %
1 Yfirstjórn	93.474	22.284	115.758	195.897	69,23	191.614	65,53
2 Lögg. á Keflavflugv.	95.392	17.180	112.572	164.737	46,34	163.417	45,17
3 Sendiráð	174.572	19.530	194.102	208.069	7,20	203.211	4,69
4 Alþjóðastofnanir o.fl.	109.858	0	109.858	124.079	12,94	108.132	-1,57
Samtals	473.296	58.994	532.290	692.782	30,15	666.374	25,19

Fjárheimild ráðuneytisins var 641,9 m.kr. en greiðslur urðu 666,4 m.kr. Greiðslur umfram fjárheimild voru því 24,5 m.kr. eða 3.8%.

ATHUGASEMDIR VIÐ STOFNANIR

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Ákveðin útgjöld sem tilheyra í reynd sendiráðum eru af hagkvæmnisástæðum færð til gjalda hjá aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Má þar nefna ferðakostnað sendiráða og heimferðarstyrki. Gjaldfærsla vegna þessa er ekki færð fyrr en í lok ársins í Ríkisbókhaldi.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að gjaldfæra beri kostnað sem næst þeim tíma sem hann fellur til, þannig að staða stofnana og ráðuneyta sé ávallt sem réttust á hverjum tíma. Sjá nánari umfjöllun um sendiráð.

03-201 Lögreglustjórnin á Keflavíkurflugvelli

Við samanburð ársreikninga stofnunarinnar fyrir árið 1987 og fjárheimilda án aukafjárveitinga fer stofnunin 52.165 þús. kr. fram úr þeim heimildum. Meginskýringin er hækkan launagjalda umfram það sem gert var ráð fyrir. Breytingar urðu á starfsemi embættisins vegna tilkomu sérsveita lögreglunnar. Ráðnir voru 9 nýir lögregluþjónar og í Leifsstöð var tollgæslumönnum fjölgað um 6.

Athygli vekur mikill viðgerðarkostnaður bifreiða embættisins á árinu 1987, en svæðið sem ekið er um er ekki stórt og mestallt á bundnu slitlagi. Viðhaldskostnaður þeirra þriggja bíla sem viðhaldsfrekastar voru á árinu var samtals 3.720 þúsund krónur eða að meðaltali um 1.240 þúsund krónur á hvern bíl.

Ríkisendurskoðun telur að viðgerðarkostnaður bifreiða embættisins sé alltof hár og að nauðsynlegt sé að taka þennan útgjaldalið til endurskoðunar.

301-313 Sendiráð

Ríkisendurskoðun hefur gert athugasemd við það að útlagðar greiðslur sendiráða/fastanefnda Íslands í erlendri mynt vegna hinna ýmsu stofnana og ráðuneyta eru ekki gjaldfærðar á viðkomandi fyrr en í lok ársins hjá Ríkisbókhaldi. Hér er aðallega um að ræða færslur vegna aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins, og nema þær tugum milljóna á ári hverju.

Ríkisendurskoðun telur að gjaldfæra beri kostnað sem næst þeim tíma sem hann verður til, þannig að staða viðkomandi stofnana eða ráðuneyta sé sem réttust á hverjum tíma.

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Kostnaður umfram fjárheimildir varð 15.956 þús. kr. Að mati Ríkisendurskoðunar er meginskýringin á því hvers vegna farið var fram úr fjárheimildum, að ráðist var í endurbætur og viðhald á r/s Feng. Áætlanir gerðu ráð fyrir að framkvæmdir myndu kosta 5,5 - 6,0 m.króna en heildarkostnaður fór yfir 20 m.kr. Ekki var leitað tilboða í verkið.

Umframútgjöld voru aðallega fjármögnuð með því að ganga á sjóði stofnunarinnar, sem tilkomnir eru vegna ónotaðra fjárveitinga fyrri ára.

Það er álit Ríkisendurskoðunar, að ef ráðast á í meiriháttar viðhaldsverkefni á vegum ríkisins, verði að gera nákvæma verklýsingu og á grundvelli hennar leita tilboða í verkið. Það er einnig álit Ríkisendurskoðunar, að stofnanir eigi ekki að geyma ónotaðar fjárveitingar á bankareikningum, heldur beri að skila þeim í ríkissjóð.

23-115 Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, nýbygging

Á árinu 1987 gerði Ríkisendurskoðun skýrslu um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Helstu niðurstöður voru, að framreiknaður framkvæmda-kostnaður miðað við fullgerða flugstöð yrði um 871 milljónir króna umfram framreiknaða áætlun. Miðað var við verðlag í september 1987.

Ríkisendurskoðun telur, að af þessu máli megi draga ýmsar ályktanir í sambandi við meiriháttar opinberar framkvæmdir, m.a. eftirfarandi:

- 1) Vanda ber til við undirbúning framkvæmda, einkum verður fyrir að liggja góð skilgreining á verkefninu og væntanlegum gangi þess.
- 2) Vanda ber til áætlanagerðar, einkum samræmdra framkvæmda- og fjárhagsáætlana, framkvæma skal stöðuga endurskoðun meðan á verkefni stendur og tryggja upplýsingagjöf til rétttra aðila.
- 3) Vanda ber til vinnubragða við gerð fjárlagatillagna og fjárlagagerðar.
- 4) Varast skal breytingar á verktíma og áður en ákvörðun er tekin um breytingu frá samþykktri áætlun og/eða hönnun, skal athuga, svo sem unnt er, hvaða afleiðingar breytingin hefur.

Ríkisendurskoðun vill vekja sérstaka athygli á því, að athugasemdum vegna ársins 1986 hefur ennþá ekki verið svarað, þrátt fyrir margítrekuð tilmæli þar að lútandi.

Einnig er á það bent, að úrskurði Ríkisendurskoðunar vegna ársins 1985, hefur ekki að öllu leyti verið fullnægt.

Ríkisendurskoðun telur slíkt með öllu óviðunandi.

23-118 Ratsjárstofnun, rekstur

Ríkisendurskoðun hefur gert athugasemd við það, að ekki eru fyrirbyggjandi skriflegir samningar um laun við starfsfólk yfirstjórnar og skrifstofu, en greiðslur til þess eru verulega frábrugðnar því sem almennt gerist hjá hinu opinbera.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að gera þurfi skriflega samninga við þetta starfsfólk án frekari tafa.

SKRÁ YFIR AUKAFJÁRVEITINGAR

Heiti stofnunar	Fjárhæð í þús.kr.	Skýringar
Aðalskrifstofa	1,020	Lausráðinn ritari og rekstrarhalli 1986.
Aðalskrifstofa	2,500	Kostn.v/viðsk.skrifst. utanríkisráðun.
Aðalskrifstofa	2,712	Lögfræðiaðstoð USA v/Rainbow Navigation.
Aðalskrifstofa	35,000	Fundur utanríkisr. Nato í Reykjavík.
Aðalskrifstofa	950	Kaup á ljósritunarvél.
Aðalskrifstofa	2,700	Endurnýjuð bifreið ráðuneytisins.
Varnarmálaskrifstofa	4,850	Br. á húsnæði og kaup á ýmsum tækjum.
Lögr.stj. á Keflav.flv.	48,000	Uppgjör vegna 1987.
Lögr.stj. á Keflav.flv.	2,500	Tollg. Keflavík, 6 stöður tollgæslumanna.
Sendiráð Ísl. Kaupm.höfn	158	Sendiráð Khöfn, hækkun á húsaleigu.
Sendiráð Ísl. Moskvu	275	Sendiráð Moskvu, hækkun á húsaleigu.
Sendiráð Ísl. Moskvu	270	Sendiráð Moskvu, húsbúnaður, ljósritunarvél.
Sendiráð Ísl. Washington	276	Sendiráð Washington, hækkun á húsaleigu.
Fastanefnd Ísl. hjá S.Þ.	190	Fastanefnd U.N., hækkun á húsaleigu.
Sendiráð Ísl. Brussel	962	Sendiráð í Brussel, laun ritara.
Sendiráð ýmis	3,000	Sendiráð, ýmis verkefni, aðall. Khöfn.
Sendiráð ýmis	1,350	Endurb. á sendiherrabústað

Sendiráð ýmis	1,200
Sendiráð ýmis	2,000
Utanríkismál ýmis verke.	1,000
Utanríkismál ýmis verke.	970

Samtals	111.883
	=====

í Washington.
Endurb. skrifst.húsn.
fastanefndar í New York.
Sendiráð, lagfæring á íbúð
í Moskvu.
Matvælaaðstoð við
Grænhöfðaeyjar.
Ónotuð fjárveiting
1986.

04 LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI

Ráðuneytinu er skipt í eftirfarandi málaflokka:

Yfirstjórn
Búnaðarmál
Skólar

Í ríkisreikningi eru stofnanir (fjárlaganúmer) á vegum ráðuneytisins talin vera 26 talsins.

Á árinu 1987 námu heildargjöld ráðuneytisins 2.034,4 m.kr. eða 3,8% af gjöldum A-hlutans. Hækkun frá árinu 1986 er 270,9 m.kr. eða 15,4%

Fjárlög og fjárheimildir 1987		m.kr.
Fjárlög		1.644,0
Launa- og verðlagshækkunarir		56,6

Samtals		1.700,6
Aukafjárveitingar		279,3
Umframgreiðsla 1986		(4,2)

Fjárheimild		1.975,7
		=====

Samanburður útgreiðslna og reiknings við fjárlög að viðbættum launa- og verðlagshækkunum.

í þús. kr.	Fjárlög 1987	Launab. Verðl.h.	Fjárlög m/launab.	Reikningur 1987	Frávik í %	Greiðslur 1987	Frávik í %
1 Yfirstjórn	35.965	2.411	38.376	51.808	35,00	50.342	31,18
2 Búnaðarmál	1.505.587	40.592	1.546.179	1.863.959	20,55	1.849.374	19,61
5 Skólar	102.487	13.618	116.105	118.627	2,17	114.339	-1,52
Samtals	1.644.039	56.621	1.700.660	2.034.394	19,62	2.014.055	18,43

Fjárheimild ráðuneytisins var 1.975,7 m.kr. en greiðslur urðu 2.014,1 m.kr.. Greiðslur umfram fjárheimild voru því 38,4 m.kr. eða 1,9%.

ATHUGASEMDIR VIÐ STOFNANIR

04-201 Búnaðarfélag Íslands

Samkvæmt lögum felur ríkisvaldið Búnaðarfélagi Íslands framkvæmd ýmissa laga er varða landbúnað að hluta til eða öllu leyti. Að mati Búnaðarfélags Íslands var óbættur halli félagsins vegna þessa um 5 m.kr. þann 31/12. 1987 og í ár stefnir í 4 - 5 m.kr. halla þessu til viðbótar.

Ríkisendurskoðun telur að stjórnvöld verði að taka afstöðu til meðferðar hallans sem fyrst.

04-231 Skógrækt ríkisins

Á undanförnum árum hefur verið unnið að endurskoðun á skipulagi og rekstri stofnunarinnar, m.a. af Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Í framhaldi af því tók gildi nýtt skipulag fyrir stofnunina í mars 1987. Þrátt fyrir þetta er, að mati Ríkisendurskoðunar, ennþá veikleiki í stjórn bókhalds og fjármála hjá stofnuninni. Unnið er að úrbótum í þeim málum.

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að þeim ljúki sem fyrst.

04-502 Bændaskólinn á Hólum

Á árinu 1987 var kostnaður skólans 4.711 þús.kr. umfram greiðsluheimild eða 13,4%. Hækkanirnar eru bæði vegna launa og annarra rekstrargjalda. Umframgjöldum er mætt með því að ganga á eignir og yfirdraga hlaupareikning.

Á undanförnum árum hefur Ríkisendurskoðun gert fjölda athugasemda við reikningsskil Bændaskólans á Hólum. Ríkisendurskoðun vill benda sérstaklega á að athugasemdum vegna árána 1984 - 1987 hefur enn ekki verið svarað, þrátt fyrir ítrekanir.

Það er að mati Ríkisendurskoðunar með öllu óviðunandi.

04-503 Garðyrkjuskóli ríkisins

Á undanförnum árum hefur Ríkisendurskoðun gert fjölda athugasemda við reikningsskil Garðyrkjuskóla ríkisins. Ríkisendurskoðun vill benda sérstaklega á að athugasemdum vegna árána 1984 - 1987 hefur enn ekki verið svarað, þrátt fyrir ítrekanir.

Það er að mati Ríkisendurskoðunar með öllu óviðunandi.

24-171 Jarðeignir ríkisins

Í ríkisreikningi fyrir árið 1987 er eftirfarandi athugasemd við reikningsskil Jarðeigna ríkisins:

„Við uppgjör á reikningsskilum Jarðeigna ríkisins lágu ekki fyrir fullnægjandi upplýsingar um stöðu eigna og skulda miðað við árslok 1987. Lán voru færð upp miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar, en fastafjármunir eru birtir óbreyttir frá 1986. Allar greiðslur sem farið hafa í gegnum ríkissjóð á árinu 1987 koma fram í þessum reikningsskilum. Unnið er að nákvæmri upptekt á stöðu eigna og skulda Jarðeigna ríkisins sem verður birt í reikningsskilum fyrir árið 1988.“

Ríkisendurskoðun telur óviðunandi að ekki liggi fyrir upplýsingar um stöðu eigna og skulda hjá einstökum ríkisstofnunum.

24-172 Jarðasjóður

Í ríkisreikningi fyrir árið 1987 er eftirfarandi athugasemd við reikningsskil Jarðasjóðs:

„Við uppgjör á reikningsskilum Jarðasjóðs lágu ekki fyrir fullnægjandi upplýsingar um stöðu eigna og skulda miðað við árslok 1987. Lán voru færð upp miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar, en fastafjármunir eru birtir óbreyttir frá 1986. Allar greiðslur sem farið hafa í gegnum ríkissjóð á árinu 1987 koma fram í þessum reikningsskilum. Unnið er að nákvæmri upptekt á stöðu eigna og skulda Jarðasjóðs sem verður birt í reikningsskilum fyrir árið 1988.“

Ríkisendurskoðun telur óviðunandi að ekki liggi fyrir upplýsingar um stöðu eigna og skulda hjá einstökum ríkisstofnunum.

Fiskiræktarsjóður

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun Fiskræktarsjóðs, sem er í vörslu Veiðimálastofnunar. Á árinu 1987 voru innheimtar tekjur 22.717 þús.kr. og að auki voru vaxtatekjur sjóðsins 1.639 þús.kr. Ársreikningur sjóðsins er ekki birtur í ríkisreikningi.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að birta eigi reikningsskil sjóðsins í ríkisreikningi.

SKRÁ YFIR AUKAFJÁRVEITINGAR

Heiti stofnunar	Fjárhæð í þús.kr.	Skýringar
Aðalskrifstofa	1.880	Flutningur aðalskrifstofu ráðuneytisins.
Aðalskrifstofa	8.500	Uppgjör vegna 1987.
Skógrækt ríkisins	700	Endurnýjun bifreiðar rannsóknarst. að Mógilsá.
Sauðffjárveikivarnir	20.000	Ónotuð fjárveiting 1986.
Jarðræktarlög	950	Jarðræktarlög, laun 2,5 stöðugildi.
Jarðræktarlög	33.000	Framlag v/uppgjörs framkv. ársins 1986.
Endurgr. kjarnf.gjalds	1.300	Jöfn.gj. endurgr. sölusk. af fjárf. í loðdýrarækt.
Endurgr. kjarnf.gjalds	15.000	Jöfnunargjald á innfluttar kartöflur.
Uppb. á landbún.afurðir	155.000	Útflutningsbætur 1987.
Framleiðnisj. landbún.	4.000	Framleiðnisjóður umfram framleiðsla á mjólk.
Búfjárrækt	24.000	Viðbótarframlag v/'86 og '87.
Búfjárrækt	15.000	Búfjárrækt framlag v/uppgjörs ársins 1986.
Samtals	279.330	

05 SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI

Ráðuneytinu er skipt í eftirfarandi málaflokka:

Yfirstjórn
Útvegsmál
Önnur mál

Í ríkisreikningi eru stofnanir (fjárlaganúmer) á vegum ráðuneytisins talin vera 12 talsins.

Á árinu 1987 námu heildargjöld ráðuneytisins 1.225,3 m.kr. eða 2,3% af gjöldum A-hlutans. Hækkun frá árinu 1986 er 172,1 m.kr. eða 16,3%.

Fjárlög og fjárheimildir 1987		m.kr.
Fjárlög		1.148,8
Launa- og verðlagshækkunir		51,1
	Samtals	1.199,9
Aukafjárveitingar		29,7
Umframgreiðsla 1986		(6,4)
	Fjárheimild	1.223,2

Samanburður útgreiðslna og reiknings við fjárlög að viðbættum launa- og verðlagshækkunum.

í þús. kr.	Fjárlög 1987	Launab. Verðl.h.	Fjárlög m/launab.	Reikningur 1987	Frávik í %	Greiðslur 1987	Frávik í %
1 Yfirstjórn	30.302	3.692	33.994	34.958	2,84	35.214	3,59
2 Útvegsmál	1.081.758	45.162	1.126.920	1.151.365	2,17	1.141.597	1,30
5 Önnur mál	36.758	2.207	38.965	39.007	0,11	39.167	0,52
Samtals	1.148.818	51.061	1.199.879	1.225.330	2,12	1.215.978	1,34

Fjárheimild ráðuneytisins var 1.223,2 m.kr. en greiðslur urðu 1.216,0 m.kr. Greiðslur voru því 7,2 m.kr. innan heimilda eða 0,6%.

ATHUGASEMDIR VIÐ STOFNANIR

05-201 Fiskifélag Íslands

Eins og fram kemur í ríkisreikningi skilaði stofnunin ekki ársreikningi og fjárhæðir, sem tilgreindar eru þar, eru þær greiðslur úr ríkissjóði sem stofnunin fékk.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að birta eigi reikningsskil Fiskifélagsins í ríkisreikningi.

05-216 Ríkismat sjávarafurða

Við athugun Ríkisendurskoðunar kom fram að:

- Stofnunin átti fjármuni í sjóð- og bankareikningum sem ekki voru færðir í bókhaldi stofnunarinnar.
- Eftirlit með sértekjum stofnunarinnar var ekki sem skyldi.
- Innheimtu þyrfti að bæta.

Í framhaldi var tekið upp nýtt tekjuskráningar- og innheimtukerfi í samstarfi við Ríkisbókhald. Ákveðnir annmarkar eru á þeim kerfum og er nú unnið að lagfæringum á þeim.

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að því ljúki sem fyrst.

Upptökusjóður

Upptökusjóður er í vörslu sjávarútvegsráðuneytisins. Tekjur sjóðsins á árinu 1987 voru samtals 34.612 þúsund krónur, þar af voru tekjur vegna upptöku ólöglegs sjávarafla 31.696 þús. krónur, en vaxtatekjur 2.916 þús. krónur. Þann 31/12 1987 átti Upptökusjóður 17,2 milljónir króna í sjóði og á bankareikningum. Sjóðurinn kemur ekki fram í ríkisreikningi.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að reikningsskil sjóðsins eigi að birtast í ríkisreikningi.

SKRÁ YFIR AUKAFJÁRVEITINGAR

Heiti stofnunar	Fjárhæð í þús.kr.	Skýringar
Aðalskrifstofa	9.500	Flutn. ráðuneytisins í hús Rannsóknastofnana sjávarútvegsins.
Hafrannsóknastofnun	4.600	Framlag v/loðnuleiðangurs
Hafrannsóknastofnun	284	Smásjá Hafrannsóknarst. Vestmannaeyjum.
Ríkismat sjávarafurða	9.070	Ríkismat Sjávarafurða, biðlaun.
Bygg. ranns.stofn. sjáv.	750	Uppgjör utanhússviðgerða.
Sjávarútvegsmál ýmis	2.000	Námsk. fiskv.fólks, ónotuð fjárveiting 1986.
Sjávarútvegsmál ýmis	3.500	Námsk. fiskv.fólks, umfram fjárlög 1987.
Samtals	29.704	

06 DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI

Ráðuneytinu er skipt í eftirfarandi málaflokka:

Yfirstjórn
Dómgæsla, lögreglumál o.fl.
Þjóðkirkjan

Stofnanir á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins eru taldar vera 57 skv. ríkisreikningi. Þessi tala gefur ekki alveg rétta mynd t.d. eru öll prestaköll og prófastsdæmi tekin saman í eitt fjárlaganúmer. Einnig má segja að í raun sé embættum bæjarfógeta og sýslumanna skipt í tvo hluta, það er löggæslu og yfirstjórn.

Á árinu 1987 námu heildargjöld ráðuneytisins 2.848,6 m.kr. eða 5,3% af gjöldum A-hlutans. Hækkun frá árinu 1986 er 779,2 m.kr. eða 37,7%.

Fjárlög og fjárheimildir 1987		m.kr.
Fjárlög		2.234,7
Launa- og verðlagshækkanir		274,6

Samtals		2.509,3
Aukafjárveitingar		218,5
Geymdar fjárveitingar		31,8
Umframgreiðsla 1986		(6,9)

Fjárheimild		2.752,7
		=====

Samanburður útgreiðslna og reiknings við fjárlög að viðbættum launa- og verðlagshækkunum.

Í þús. kr.	Fjárlög	Launab.	Fjárlög	Reikningur	Frávik	Greiðslur	Frávik
	1987	Verðl.h.	m/launab.	1987	í %	1987	í %
1 Yfirstjórn	40.249	4.108	44.357	69.812	57,39	68.622	54,70
2 Dómg., lögr.mál o.fl.	1.980.647	255.680	2.236.327	2.543.200	13,72	2.414.797	7,98
3 Þjóðkirkjan	213.760	14.835	228.595	235.557	3,05	233.307	2,06
Samtals	2.234.656	274.623	2.509.279	2.848.569	13,52	2.716.726	8,27

Fjárheimild ráðuneytisins var 2.752,7 m.kr. en greiðslur urðu 2.716,7 m.kr. Greiðslur voru því 36,0 m.kr. innan heimilda eða 1,3%.

ATHUGASEMDIR VIÐ STOFNANIR

06-206 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Lögreglustjóraembættið fór 42,6 m.kr. fram úr fjárheimildum ársins. Embættið hefur á undanförnum árum fjármagnað útgjöld umfram fjárheimildir með því að draga skil á innheimtum tekjum til ríkissjóðs. Um áramótin 1987-88 nam þessi uppsafnaða skuld við ríkissjóð kr. 107,6 m.kr. Allt fram til ársins 1988 var ekki ákveðið fast rekstrarframlag greitt til stofnunarinnar, heldur var rekstrar-kostnaður greiddur af innheimtu fé. Þessu var breytt á árinu 1988.

Ástæða þess að embættið fer fram úr fjárheimildum er aðallega sú, að launaútgjöld reyndust meiri heldur en heimildir í fjárlögum gerðu ráð fyrir. Aðallega reyndust yfirvinnustundir fleiri en áætlað var. Hæfilegur yfirvinnustundafjöldi hafði verið áætlaður 194 þús. klst. en reyndist vera á árinu 281 þús. klst.

Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að fram fari endurmat á útgjaldabörfum embættisins eins og gert hefur verið hjá öðrum embættum.

Embætti bæjarfógeta og sýslumanna

06-211 til 06-237

Fram til ársins 1987 hafði bókhald embættanna verið fært að stórum hluta hjá Ríkisbókhalddi og voru bókhaldsgögn geymd þar, en á árinu var það að mestu flutt til embættanna sjálfra. Breyting þessi var gerð til einföldunar og hagræðingar. Þessi breyting hefur hins vegar veruleg áhrif á innra eftirlit hjá smærri embættum, þar sem afskipti Ríkisbókhalds af bókhaldi embættanna fellur að mestu niður. Rétt er að taka fram, að afskipti Ríkisbókhalds af bókhaldi embættanna hefur verið verulegt á undanförmum árum. Ríkisbókhald hefur yfirfarið öll fylgiskjöl og leiðrétt rangar bókhaldssundurliðanir. Einnig hefur Ríkisbókhald gætt þess að samræmi sé á milli hinna einstöku embætta. Þessar breytingar hafa því í för með sér breyttar áherslur í endurskoðun á þessum málaflokk.

Einstök embætti fara mismikið fram úr fjárheimildum. Ástæður þessa eru nokkuð svipaðar hjá flestum embættunum, þ.e. meiri launakostnaður en áætlaður hafði verið. Frávikkið liggur í flestum tilfellum í fjölda yfirvinnustunda, þ.e. meiri yfirvinnu en áætlað var. Samtals voru yfirvinnustundir hjá þessum embættum 432.315, 137.081 hjá yfirstjórn og 295.234 hjá löggæslu. Fjölgun yfirvinnustunda frá fyrra ári var um 20 % hjá yfirstjórn og 6 % hjá löggæslu. Meðalyfirvinnustundafjöldi á starfsmann samsvaraði 470 klst. hjá yfirstjórn og tæpum 1200 klst. hjá löggæslu á árinu.

Ríkisendurskoðun telur að efla þurfi kostnaðareftirlit og þá sérstaklega hvað varðar mannahald.

Fangelsismál

Fangelsismál hafa verið í nokkrum ólestri á undanförunum árum. Húsnæði fangelsanna er óhentugt og einnig er stærð eininga óhagkvæm frá rekstrarlegu sjónarmiði, þ.e. einingarnar eru of smáar. Hér fyrir neðan er fjallað um nokkur þau atriði sem athygli mætti beina að í þessum málaflokki:

1. Óhagkvæm stærð fangelsiseininga.
Eitt stórt deildarskipt fangelsi fyrir allt landið gæti sparað verulegar fjárhæðir á ári í rekstrar-kostnaði.
2. Fjöldi fangavarða.
Vegna smæðar fangelsanna eru fangaverðir mun fleiri en vera þyrfti ef rekstrareiningar væru stærri. Latur nærri að fjöldi starfsmanna fangelsanna nálgist fjölda fanga.
3. Óhentugt húsnæði.
Húsnæði fangelsanna er óhentugt í mörgum tilfellum. Mætti taka sem dæmi Hegningarhúsið við Skóla-vörðustíg.

Ríkisendurskoðun telur ástæðu til að fram fari heildar-úttekt á þessum málaflokki.

Fyrir nokkrum árum var hafist handa við byggingu fangelsis við Tunguháls í Reykjavík. Framkvæmdum var hætt þegar búið var að steypa grunninn. Tilfallinn kostnaður vegna grunnsins á verðlagi hvers árs 1978-1987 er samtals 2.467 þúsund krónur eða 23.184 þúsund krónur miðað við verðlag 1987.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að verið er að fjármagna verkefni sem ekki nýtist svo árum skiptir.

Innheimta málagjalda fyrir Lögmannafélag Íslands

Þegar mál eru þingfest fyrir dómi þarf sá sem þingfestir að greiða gjald sem var kr. 750 á árinu 1987. Þetta gjald skiptist þannig:

Þingfestingargjald	kr. 500	(greitt í ríkissjóð skv. reglugerð um dómsmála-gjöld.)
Málagjald til LMFÍ	kr. 250	(greitt til Lögmannafélags Íslands. Gjald þetta var 215 kr. fyrri hluta ársins.)

Gjaldtaka þessi á sér stað hjá dómstólum landsins. Ekkert lagaákvæði virðist vera til sem heimilar gjaldtöku á málagjaldi LMFÍ.

Ríkisendurskoðun dregur í efa réttmæti gjaldtöku málagjalds fyrir Lögmannafélags Íslands.

Útgáfumál

Ýmsar stofnanir sem heyra undir dómsmálaráðuneytið stunda þó nokkra útgáfustarfsemi, t.d. Stjórnartíðindi, Lögbirtingablaðið, Hæstaréttardómar og útgáfa lagasafns. Fjármálaráðuneytið stendur fyrir útgáfu á sérpentunum á skattalögum og úrskurðum ríkisskattaneftdar. Alþingi gefur út Alþingistiðindi.

Eins og sjá má af ofangreindri upptalningu fást nokkuð margir aðilar við útgáfu og dreifingu á ritum, er varða ákvarðanir löggjafarvaldsins og framkvæmdavaldsins. Hins vegar má ætla að það sé að stofni til sami hópurinn sem hefur áhuga á flestum ofangreindum ritum. Því er þeirri hugmynd hér með komið á framfæri að sameina alla þessa útgáfustarfsemi í eitt útgáfufyrirtæki, sem myndi sjá um útgáfu og dreifingu (eitt áskriftarkerfi) á ofantöldum ritum og öðrum sérritum, eins og t.d. ríkisreikningi, sérprentunum skattalaga og úrskurðum ríkisskattaneftdar. Ábyrgð og vinnsla á innihaldi einstakra rita yrði hins vegar áfram í höndum núverandi aðila.

Ríkisendurskoðun vill vekja athygli á þessum málum og væntir þess að þau verði könnuð betur.

06-282 Ýmis löggæslukostnaður

Bæði gjöld og tekjur eru hærri en fram kemur í ríkisreikningi. Hér vantar að færa tekjur vegna sölu Innkaupastofnunar ríkisins á notuðum lögreglubifreiðum, samtals kr. 3.313.614. Einnig vantar að gjaldfæra svipaða upphæð af reikningum sem greiddir hafa verið af Innkaupastofnun og færa ætti á þennan lið.

Ríkisendurskoðun telur með öllu óeðlilegt að ekki séu bókaðir reikningar vegna þessara viðskipta og ætlast til að það verði gert nú þegar.

26-251 Landhelgissjóður

Þennan sjóð er ekki að finna í fjárlögum ársins 1987 en var síðast á fjárlögum fyrir ársið 1984. Á þeim tíma voru uppi hugmyndir um að leggja sjóðinn niður í þáverandi mynd og að Landhelgisgæslan yfirtæki eignir hans. Ríkissjóður yfirtók skuldir sjóðsins á þessum tíma á þeirri forsendu að sjóðurinn yrði lagður niður. Umsjón eigna sjóðsins og varsla er hjá Landhelgisgæslunni. Tekjustofn sjóðsins eru björgunarlaun Landhelgisgæslunnar. Á árinu 1987 voru þessar tekjur 14.212 þús. kr. Tilfærsla að fjárhæð 2.242 þús. kr. var gerð frá sjóðnum til Landhelgisgæslunnar. Tilfærsla þessi er í eðli sínu aukafjárveiting utan hins venjulega aukafjárveitingakerfis. Lagabreytingu þarf til að leggja þennan sjóð niður og færa tekjustofn hans til Landhelgisgæslunnar.

Ríkisendurskoðun leggur til að sjóðurinn verði formlega lagður niður.

SKRÁ YFIR AUKAFJÁRVEITINGAR

Heiti stofnunar	Fjárhæð í þús.kr.	Skýringar
Aðalskrifstofa	12.500	Uppgjör vegna 1987.
Aðalskrifstofa	11.148	Kostnaður v/Alþingis- kosninga 1987.
Hæstiréttur	2.100	Hæstiréttur, greiðsluhalli stofnunarinnar.
Hæstiréttur	100	Hæstiréttur, endurbætur á hitakerfi.
Lögreglustj. í Rvík	70.000	Uppgjör vegna 1987.
Lögreglustj. í Rvík	940	Leiga fyrir íþr.hús Vals.
Lögreglustj. í Rvík	4.000	Lögreglustöð, innrétting á húsnæði.
Lögreglustj. í Rvík	1.600	Lögreglustöð Hverfisgötu, endurbætur.
Bæjarfóg. Akranesi	2.400	Uppgjör vegna 1987.
Sýslum. Borgarnesi	2.000	Uppgjör vegna 1987.
Sm. og bfg. Stykkishólmi	2.800	Uppgjör vegna 1987.
Sýslum. Patreksfirði	1.700	Uppgjör vegna 1987.
Bæjarfóg. Bolungarvík	700	Uppgjör vegna 1987.
Sm. og bfg. Ísafirði	3.000	Uppgjör vegna 1987.
Sýslum. Hólmavík	500	Uppgjör vegna 1987.
Sýslum. Blönduósi	1.900	Uppgjör vegna 1987.
Sm. og bfg. Sauðárkróki	2.500	Uppgjör vegna 1987.
Bæjarfóg. Siglufirði	1.700	Uppgjör vegna 1987.
Bæjarfóg. Ólafsfirði	700	Uppgjör vegna 1987.
Sm. og bfg. Akureyri	6.700	Uppgjör vegna 1987.
Sm. og bfg. Húsavík	4.700	Uppgjör vegna 1987.
Sm. og bfg. Seyðisfirði	1.600	Uppgjör vegna 1987.
Bæjarfóg. Neskaupstað	800	Uppgjör vegna 1987.
Sm. Höfn í Hornafirði	1.200	Uppgjör vegna 1987.
Sýslum. Hvolsvelli	1.500	Uppgjör vegna 1987.
Bfg. Vestmannaeyjum	3.800	Uppgjör vegna 1987.
Sm. og bfg. Selfossi	6.300	Uppgjör vegna 1987.
Sm. og bfg. Keflavík	7.800	Uppgjör vegna 1987.
Sm. og bfg. Hafnarfirði	12.200	Uppgjör vegna 1987.
Sm. og bfg. Hafnarfirði	4.000	Sýslum. Hafnarfirði, kaup á húsgögnum umfram áætlun.
Bæjarfóg. Kópavogi	6.500	Uppgjör vegna 1987.
Vinnuhælið Litla-Hrauni	4.000	Uppgjör vegna 1987.
Landhelgisgæsla Ísl.	2.770	Landhelgisgæsla, vara- hlutir í TF-SIF þýrluna skv. kaupsamningi.
Dómsmál ýmis starfsemi	1.600	Kostn v/gjaldþrotamáls Hafskips.
Dómsmál ýmis starfsemi	1.000	Uppgjör vegna 1987.
Dómsmál ýmis starfsemi	1.400	Vegna aukins launakostna- ðar 1987.
Dómsmál ýmis starfsemi	2.200	Málskostnaður vegna Haf- skipsmáls o.fl.
Dómsmál ýmis starfsemi	15.600	Vegna aukins málskostnaður

Dómsmál ýmis starfsemi	300	í opinberum málum.
Löggæslukostnaður ýmis	395	Fíladelfíusöfnuður, starf gegn ofnotkun áfengis og lyfja.
Fangamál ýmis kostnaður	2.205	Aðflutningsgjöld af tækja-gjöf frá Lions.
Biskup Íslands	1.550	Styrkir til félagasam-takana Verndar.
Söngmálastj. Þjóðkirkj.	600	Kostnaður v/veikinda biskups.
Söngmálastj. Þjóðkirkj.	1.000	Söngmálastjóri Þjóðkirkj. vegna rekstrarerfiðleika 1986.
Ýmis kirkjuleg málefni	890	Vegna rekstrarerfiðleika 1987.
Ýmis kirkjuleg málefni	500	Hjálparstofnun kirkjunnar, sölugjald af hljómplötunni Hjálpum þeim.
Kristnisjóður	3.077	Sóknarnefnd Nauteyrar-kirkju, sbr.lið 9.9.í 6.gr. fjárlaga 1987.
		Uppgjör á mörkuðum tekjum.
Samtals	<u>218.475</u>	

07 FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI

Ráðuneytinu er skipt í eftirfarandi málaflokka:

Yfirstjórn
Húsnæðismál
Sveitarfélög
Málefni fatlaðra
Önnur mál

Í ríkisreikningi eru stofnanir á vegum ráðuneytisins talðar vera 24 talsins. Í raun eru þar fleiri þar sem fjárlaganúmer fela í sér mörg viðfangsefni sem oft eru sjálfstæðar einingar.

Á árinu 1987 námu heildargjöld ráðuneytisins 2.250,7 m.kr. eða sem nemur 4,3% af gjöldum A-hlutans. Hækkun frá árinu 1986 er 129,9 m.kr. eða 5,5%.

Fjárlög og fjárheimildir 1987	m.kr.
Fjárlög	2.133,3
Launa- og verðlagshækkunir	88,4

Samtals	2.221,7
Aukafjárveitingar	52,2
Geymdar fjárveitingar	16,4
Umframgreiðsla 1986	(0,5)
Fært á samgöngumálaráðuneyti	(8,0)

Fjárheimild	2.281,8
	=====

Samanburður útgreiðslna og reiknings við fjárlög að viðbættum launa- og verðlagshækkunum.

Í þús. kr.	Fjárlög 1987	Launab. Verðl.h.	Fjárlög m/launab.	Reikningur 1987	Frávik í %	Greiðslur 1987	Frávik í %
1 Yfirstjórn	29.139	3.471	32.610	39.373	20,74	38.608	18,39
2 Húsnæðismál	1.300.000	0	1.300.000	1.300.200	0,02	1.300.217	0,02
3 Sveitarfélög	43.228	1.825	45.053	57.362	27,32	62.490	38,70
7 Málefni fatlaðra	639.728	77.420	717.148	602.018	-16,05	717.626	0,07
9 Önnur mál	121.183	5.676	126.859	251.706	98,41	125.202	-1,31
	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----
Samtals	2.133.278	88.392	2.221.670	2.250.659	1,30	2.244.143	1,01
	=====	=====	=====	=====	=====	=====	=====

Fjárheimild ráðuneytisins var 2.281,8 m.kr. en greiðslur urðu 2.244,1 m.kr. Greiðslur voru því 37,7 m.kr. innan heimilda eða 1.7%.

ATHUGASEMDIR VIÐ STOFNANIR

Húsnæðisstofnun ríkisins

Ríkisendurskoðun framkvæmdi á árinu 1987 endurskoðun á reikningsskilum þeirra sjóða sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur umsýslu með, en það eru Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna. Skýrsla um endurskoðunina er dagsett 22. júlí 1988. Í framhaldi af þeirri endurskoðun fól félagsmálaráðherra Ríkisendurskoðun að koma með tillögum um hver stjórnarsýsluleg staða Húsnæðisstofnunar skyldi vera. Álit varðandi þetta var sett fram í bréfi til félagsmálaráðuneytisins, dagsettu 3. nóvember 1988. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu athugasemdum Ríkisendurskoðunar varðandi þessi mál:

- Gerðar voru athugasemdir við ýmis atriði varðandi framkvæmd lánveitinga Húsnæðisstofnunar.
- Umsýsla Húsnæðisstofnunar með þeim íbúðum sem sjóðirnir leysa til sín á uppboðum var ófullnægjandi. Fyrri eigendur hafa í sumum tilfellum búið áfram endurgjaldslaust í íbúðunum, en sjóðirnir þurft að greiða kostnað vegna þeirra. Dregist hefur að þinglýsa skuldabréfum og kaupsamningum.
- Gögnum um undanþágur frá skyldusparnaði hefur yfirleitt ekki verið haldið eftir. Eftirlit Húsnæðisstofnunar með skilum atvinnurekenda á skyldusparnaði starfsmanna var í lágmarki.
- Lagt var í fjárfestingar að upphæð 23,1 m. kr. á árinu 1987, en þar áttu skv. fjárlögum að vera 5 m. kr.
- Ágreiningur hefur verið á milli Húsnæðismála-stjórnar og félagsmálaráðuneytisins um vald- og ábyrgðarsvið þessara aðila.

Ríkisendurskoðunar telur að sú skipan sem nú gildir sé óæskileg, þar sem í framkvæmd er ekki nógu vel tryggt að saman fari á einni hendi vald og ábyrgð, sem er skilyrði fyrir árangursríkri og skilvirkri stjórnun. Ríkisendurskoðun telur ákjósanlegast að Húsnæðisstofnun ríkisins falli beint undir framkvæmdavaldið. Verði hins vegar talið að Húsnæðisstofnun skuli njóta sjálfstæðis gagnvart framkvæmdavaldinu, telur Ríkisendurskoðun að stjórn stofnunarinnar þurfi að vera ábyrg gagnvart Alþingi og gera því grein fyrir störfum sínum. Ráðherra hefði þá aðeins með að gera útgáfu reglugerða að tillögum stjórnar Húsnæðisstofnunar og eftirliti skv. 9. gr. stjórnarráðslaga.

SKRÁ YFIR AUKAFJÁRVEITINGAR.

Heiti stofnunar	Fjárhæð í þús.kr.	Skýringar
Aðalskrifstofa	356	Laun 1/2 starfs við norrænt verkefni.
Aðalskrifstofa	600	Sérfræðivinna vegna húsnæðismála.
Aðalskrifstofa	4.700	Uppgjör vegna 1987.
Skipulagsstj. ríkisins	21.189	Skipulagsstj. ríkisins. Uppgjör v/1985 og 1986.
Ríkissáttasemjari	500	Rekstrarerfiðleikar 1987.
Málefni fatlaðra, Rvík.	4.700	Málefni N-eystra, húsa- leiga.
Málefni fatlaðra, Rvík.	1.785	Framlag v/uppgjörs 1986.
Málefni fatlaðra, Rvík.	147	Körfugerð Blindrafélags- ins, rekstrarhalli 1986.
Málefni fatlaðra, N.e.	400	Málefni fatlaðra, halli 1986.
Málefni fatlaðra, N.e.	350	Vistheimilið Sólborg, halli 1986.
Málefni fatlaðra, N.e.	150	Málefni fatlaðra, framlag v/auk. húsaleigu.
Málefni fatlaðra, N.e.	150	Gr. húsal. v/sumarbúða í Botni.
Málefni fatlaðra, Suðurl.	1.858	Sólheimar, fjölgun starfs- manna o.fl.
Málefni fatlaðra, Suðurl.	800	Málefni fatlaðra, endurb. á hitav.
Ríkisáb.á launum v/gjþr.	17.000	Uppgjör vegna 1987.
Félmál. ýmis verkefni	2.000	Framlag til starfsm. fólks í fataiðnaði.
	<u>52.199</u>	
	=====	

08 HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI

Ráðuneytinu er skipt í eftirfarandi málaflokka:

Yfirstjórn
Tryggingamál
Heilbrigðismál
Bindindismál
Skólar (þ.e. skólar heilbrigðisstétta)

Í ríkisreikningi teljast stofnanir og viðfangsefni með sjálfstætt fjárlaganúmer vera 56 talsins, þar af 49 í A-hluta og 7 í B-hluta.

Á árinu 1987 námu heildargjöld ráðuneytisins 21.003 m. kr. eða 39,2% af gjöldum A-hlutans. Hækkun frá árinu 1986 er 5.871,9 m.kr. eða 38,8%.

Fjárlög og fjárheimildir 1987	m.kr.
Fjárlög	18.548,0
Launa- og verðlagshækkanir	957,4
Samtals	19.505,4
Aukafjárveitingar	1.236,0
Geymdar fjárveitingar	2,6
Umframgreiðsla 1986	(3,5)
Fjárheimild	20.740,5

Samanburður útgreiðslna og reiknings við fjárlög að viðbættum launa- og verðlagshækkunum.

Í þús. kr.	Fjárlög 1987	Launab. Verðl.h.	Fjárlög m/launab.	Reikningur 1987	Frávik í %	Greiðslur 1987	Frávik í %
1 Yfirstjórn	33.531	3.397	36.928	46.214	25,15	46.153	24,98
2 Tryggingamál	11.413.202	19.455	11.432.657	12.526.194	9,57	12.417.864	8,62
3 Heilbrigðismál	7.071.446	932.036	8.003.482	8.397.611	4,92	8.249.687	3,08
4 Bindindismál	10.537	292	10.829	11.438	5,62	11.289	4,25
5 Skólar	19.309	2.255	21.564	21.652	0,41	21.971	1,89
Samtals	18.548.025	957.435	19.505.460	21.003.109	7,68	20.746.964	6,36

Fjárheimild ráðuneytisins var 20.740,5 m.kr. en greiðslur urðu 20.747,0 m.kr. Greiðslur umfram fjárheimild voru því 6,5 m.kr. eða 0,0%.

ATHUGASEMDIR VIÐ STOFNANIR

Þess ber að geta að í ríkisreikningi eru greiðslur úr ríkissjóði færðar í stað reikningsniðurstöðu fyrir mörg sjúkrahús, þar sem þau skiluðu ekki ársreikningi til Ríkisbókhaldsins. Verður það til þess að gjöld þessara stofnanna eru vanmetin í ríkisreikningnum. Eftirfarandi aðilar skiluðu ekki ársreikningi:

Sjúkrahúsið Akranesi
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði
Sjúkrahúsið Sauðárkróki
Sjúkrahúsið Siglufirði
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri
Sjúkrahúsið Húsavík
Sjúkrahúsið Seyðisfirði
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupsstað
Sjúkrahúsið Egilsstöðum
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum
Sjúkrahúsið Keflavík
Sólvangur, Hafnarfirði
Borgarspítalinn, Reykjavík
St. Jósefsspítali, Landakoti

Ríkisendurskoðun telur að reikningsskil sjúkrastofnana sem eru á föstum fjárlögum eigi að birtast í ríkisreikningi.

Sjúkrahús og sjúkrastofnanir

Í samræmi við lög nr. 12/1986 endurskoðaði Ríkisendurskoðun í fyrsta sinn rekstur allra sjúkrahúsa og sjúkrastofnanna.

Niðurstöður reikningsskila sjúkrahúsa fyrir árið 1987 sýna, að rekstrarhalli sjúkrahúsa á föstum fjárlögum er að meðaltali 4,8% af veltu, en sjúkrahúsa á daggjöldum 17,1%

Við tilflutning sjúkrahúsa á föst fjárlög eru gerðar meiri kröfur um áætlanagerð, upplýsingar og reikningsskil. Betur er fylgst með starfsmannafjölda og greiðslufyrirkomulagi.

Telja verður að umtalsverður sparnaður náist fram með því að færa sjúkrahús á fjárlög m.a. vegna mikils fjármagnskostnaðar sem fylgir hallarekstri daggjaldasjúkrahúsa sem gerður er upp að ári liðnu.

Meginniðurstöður af endurskoðun fyrir árið 1987 eru eftirfarandi:

- 1) Samræmt bókhald og reikningsskil er enn ekki til staðar. Samanburður á einstökum rekstrarþáttum er því ekki raunhæfur.

- 2) Óglögg skil eru á milli rekstrareininga í skýrslum sjúkrastofnana, þ.e. ellideilda og hjúkrunar-deilda.
- 3) Óglögg skil eru milli sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva þegar þessar stofnanir eru reknar sameiginlega. Kostnaði er ekki skipt rétt upp og fellur yfirleitt meiri kostnaður á sjúkrahús og þar með ríkissjóð.
- 4) Starfsmannafjöldi sjúkrahúsa er yfirleitt umfram heimildir fjárlaga eða daggjaldanefndar sjúkrahúsa. Margir starfsmenn eru ráðnir til hlutastarfa, en vinna síðan lengri vinnutíma með herra álagi.

Framangreind atriði virðast helsta orsök stöðugs rekstrarhalla sjúkrahúsa.

08-373 St. Jósefsspítali, Landakoti

Ríkisendurskoðun gerði skýrslu um endurskoðun á bókhaldi og reikningsskilum St. Jósefsspítala, Landakoti, fyrir árið 1987. Helstu niðurstöður voru sem hér segir:

- 1) Sjúkrahúsið hefur farið verulega fram úr heimildum fjárlaga í launum, öðrum rekstrargjöldum, og í viðhalds- og stofnkostnaði. Uppsafnaður rekstrarhalli sjúkrahússins var samtals 166,1 m.kr. er einkum má rekja til eftirfarandi atriða:
 - a) Misræmi var í álagi á grunnstöðuheimildir, þ.e. fjölgun varð á hlutastörfum með aukinni yfirvinnu og þannig hærri launagreiðslum en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir.
 - b) Þensla í öðrum rekstrargjöldum var veruleg og nægjanlegs aðhalds var ekki gætt, jafnvel þótt tillögur sjúkrahússins hefðu verið samþykktar óbreyttar.
 - c) Viðhalds- og stofnkostnaður hefur verið mikill. Keyptar voru fasteignir sem þurfa meiriháttar endurbætur. Húsnæði sem þarfnast mikilla og kostnaðarsamra breytinga hefur verið tekið á leigu til langs tíma. Einnig var hafinn rekstur þvottahúss með miklum stofnkostnaði. Allt var þetta gert án heimildar í fjárlögum.
- 2) Fjármögnun óheimilla framkvæmda, kaup á tölvubúnaði og ýmsum meiriháttar tækjakosti hefur átt sér stað með gerð kaupleigusamninga, sem ekki höfðu verið bókfærðir sem skuldbinding sjúkrahússins. Þess í stað voru afborganir og vextir bókaðir jafnóðum sem rekstrarkostnaður. Samningar þessir voru án heimildar í fjárlögum.

- 3) Rekstur rannsóknarstofu spítalans í núverandi mynd er talinn mjög óhagstæður spítalanum, og því nauðsynlegt að gera breytingu þar á.
- 4) Annmarkar reyndust vera á rekstri lyfjabúrs spítalans. Skráningu og eftirliti með lyfjum var ábótavant. Viðskipti lyfjabúrsins við Læknastöðina hf., Marargötu 2 og Læknastöðina hf., Álfheimum 74, eru óheimil samkvæmt lyfsölulögum.
- 5) Skráningu og eftirliti með matsölu til starfsmanna spítalans reyndist vera ábótavant og þarfnast endurskipulagningar.
- 6) Leigusamningur sjúkrahússins við Læknastöðina hf. um leigu á Marargötu 2 var að mati Ríkisendurskoðunar með óeðlilegum hætti.
- 7) Skráning styrktarsjóðs St. Jósefsspítala var ekki til staðar. Kaup sjóðsins á fasteignum til endurleigu á húsnæði til spítalans voru ekki eðlileg og umsvif sjóðsins ekki í samræmi við skráðan tilgang í upphafi.

08-365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi

Á árinu 1988 gerði Ríkisendurskoðun athugun á rekstri Sjúkrahúss Suðurlands. Helstu niðurstöður eru þessar:

- 1) Tap varð á rekstri sjúkrahússins á árinu 1987 að upphæð 15,7 m. kr. Athugun sýndi að hallinn orsakaðist einkum vegna umframstöðugilda og þess, að margt starfsfólk sjúkrahússins er ráðið í hlutastarf, en vinnur þó fullt starf og fær þá viðbótarvinnuna greidda skv. yfirvinnu-taxta. Á sjúkrahúsinu er hlutfall öldrunarsjúklinga hátt, og telja heilbrigðisyfirvöld því að komist verði af með færri starfsfólk. Þetta stangast á við sjónarmið stjórnenda sjúkrahússins.
- 2) Stjórnun sjúkrahússins er dreift á nokkuð margar hendur, án þess þó að nægjanlegt samstarf sé á milli allra aðila. Einnig kom fram að þrátt fyrir að ríkissjóður sé eignaraðili sjúkrahússins að 85% hluta og greiði allan rekstrarkostnað, hefur ríkisvaldið engin bein áhrif á stjórnun spítalans. T.d. situr enginn fulltrúi ríkisins í stjórn sjúkrahússins.
- 3) Ákveðnir annmarkar voru á uppgjöri sértekna, s.s. vegna fæðissölu. Engin eignaskrá var fyrir hendi og birgðir lyfja og hjúkrunarvara höfðu ekki verið taldar.

Sjúkrahótel R.K.Í.

Athugun var gerð á rekstri Sjúkrahótelis Rauða kross Íslands með sérstöku tilliti til aukins halla á árinu 1987 og kostnaðarskiptingar á milli sjúkrahótelisins og annars

rekstrar Rauða krossins. Eftirfarandi eru helstu niðurstöður:

- 1) Tap á sjúkrahótelinu hefur á undanförnum árum verið um 35% af veltu, en varð hins vegar 49% vegna ársins 1987. Aukinn halli skýrist af hækkuðum launa, fæðiskostnaðar, húsaleigu og fjármagnskostnaðar.
- 2) Nokkur óvissa hefur verið um hvernig skipta skuli sameiginlegum kostnaði á milli sjúkrahótelsins og annars hótélrekstrar Rauða krossins. Ekki er ástæða til að ætla að sjúkrahótelið hafi verið látið bera óeðlilega háan kostnað. Þó virðist ástæða til að breyta verðlagningu á seldu fæði til sjúkrahótelsins.
- 3) Rekstur sjúkrahótelsins er orðinn mun umfangsmeiri en ráð var fyrir gert þegar starfsemi þess hófst árið 1974, og hafa heilbrigðisyfirvöld ekki amast við þeirri þróun.

Sjúkrasamlög

Á árinu 1987 voru rekin 40 sjúkrasamlög og eru flest smáar rekstrareiningar. Meginniðurstöður af endurskoðun fyrir árið 1987 eru eftirfarandi:

- 1) Stjórnun og fjárhagsleg ábyrgð fara ekki saman. Útgjöld sjúkrasamlaga 1987 voru um 3.800 m. kr. Ríkissjóður greiðir um 71,3% og sveitarfélögin um 28,7%. Ríkissjóður hefur hins vegar ekki meirihlutavald í stjórnun sjúkrasamlaga.
- 2) Sjúkrasamlögin eru flest smáar rekstrareiningar og valda mörg ekki hlutverki sínu. Bókhaldspekkingu og þekkingu á lögum um almannatryggingar er víða ábótavant. Nauðsynlegt er að breyta núverandi rekstrarfyrirkomulagi í færri einingar eða eina sjúkratryggingu.
- 3) Ríkisendurskoðun hefur varið verulegum tíma í endurskoðun sjúkrasamlaga, sérstaklega innra eftirlit. Í mörgum tilvikum hafa orðið litlar breytingar í rétta átt og endurtaka hefur þurft sömu aðfinnslur og ábendingar ár eftir ár.

Ríkisendurskoðun bendir á að efla þurfi innri endurskoðun hjá Tryggingastofnun ríkisins með þessum málaflokki.

Greiðslur sjúkrasamlaga til lækna

Ríkisendurskoðun hefur tekið saman fyrir árið 1987 heildaryfirlit yfir greiðslur til einstakra lækna frá hinu opinbera. Helstu niðurstöður af samantektinni eru eftirfarandi:

- 1) Margir læknar eru í hlutastörfum hjá fleiri en einni stofnun.

- 2) Margir lækna, sem ráðnir eru í fullt starf hjá opinberri stofnun sem eru að auki með eigin rekstur, eða í hlutastarfi annars staðar.
- 3) Mjög háar greiðslur til einstakra lækna verða ekki skýrðar nema með sérstakri athugun.

Eftirlit með reikningagerð lækna

Umfangsmikil athugun hefur farið fram á reikningagerð lækna. Í nokkrum tilvikum hafa niðurstöður af athugun Ríkisendurskoðunar verið sendar Ríkissaksóknara til meðferðar.

SKRÁ YFIR AUKAFJÁRVEITINGAR

Heiti stofnunar	Fjárhæð í þús.kr.	Skýringar
Aðalskrifstofa	620	Rannsóknir vegna salmonella-sýkingar.
Aðalskrifstofa	5.300	Uppgjör vegna 1987.
Aðalskrifstofa	4.000	Rekstrarerfiðleikar aðalskrifstofu 1987.
Tryggingast. rík.	440.000	Uppgjör vegna 1987.
Tryggingast. rík.	260.000	Uppgjör vegna 1987.
Tryggingast. rík.	107.000	Trygg.st. ríkisins vegna rannsóknakostnaðar.
Tryggingast. rík.	115.500	Trygg.st. ríkisins, styrkir til fatlaðra v/bifreiðakaupa.
Landlæknir	11.000	Vegna rekstrarhalla 1986 og 1987.
Landlæknir	1.000	Vegna aukins rekstrarkostn. 1987.
Hollustuvernd rík.	1.500	Hollustuvernd ríkisins, aukin húsaleiga 1986 og 1987.
Sjúkrahúsið Patreksf.	2.600	Sjúkrahús Patreksfjarðar, aukinn rekstrarkostnaður.
Fjórðungssh. Ísafirði	7.220	Greitt vegna rekstrarerfiðleika.
Fjórðungssh. Akureyri	17.000	Fjórðungssjúkrahús Akureyri, halli 1986.
Ríkisspítalar	750	Laun aðstoðarlæknis á barnadeild Hringinsins.
Ríkisspítalar	50.000	Ríkisspítalar, aukinn rekstrarkostnaður.
Ríkisspítalar	604	Aðflutningsgjöld vegna reykskynjara á Kópavogshæli.
Ríkisspítalar	37.000	Ríkisspítalar, greiðsla byggingarkostnaðar.

Ríkisspítalar	3.900	Ríkisspítalar, endurbætur á unglingageðdeild Dalbraut.
Ríkisspítalar	10.000	Ármúli 1A, framkvæmdir.
Ríkisspítalar	10.000	Ármúli 1A, tæki fyrir rannsóknarstofu.
Borgarspítalinn	25.000	Borgarspítali, rekstrarerfiðleikar 1987.
Borgarspítalinn	11.603	Borgarspítali heilsuverndarstöð, endurbætur á húsnæði.
St. Jósefssp. Landak.	20.000	St. Jósefsspítali Landakoti, rekstrarerfiðleikar.
St. Jósefssp. Landak.	40.000	St. Jósefsspítali Landakoti, halli 1986.
Sjúkrahús og læknaþúst.	1.600	Framkvæmdir við heilsugæslustöð Eyrarbakka umfram áætlun.
Sjúkrahús og læknaþúst.	699	Endurb. húsnæðis á Hellu vegna mistaka í fjárlagagerð.
Heilsugæslustöðvar	50.000	Uppgjör vegna 1987.
Heilbr.mál ýmis verke.	500	Könnun á tannlæknaþjónustu.
Heilbr.mál ýmis verke.	1.600	Heilbrigðismál, ónotuð fjárveiting frá 1986.
Samtals	<u>1.235.996</u> =====	

09 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI

Ráðuneytinu er skipt í eftirfarandi málaflokka:

Yfirstjórn
Toll- og skattheimta
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun
Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum
Ýmis önnur mál

Í ríkisreikningi eru stofnanir eða fjárlaganúmer 29 talsins í A-hluta og 8 í B-hluta.

Á árinu 1987 námu heildargjöld ráðuneytisins 2.593,0 eða 4,8% af gjöldum A-hlutans. Hækkun frá árinu 1986 er 1.011,9 m.kr. eða 64,0%.

Fjárlög og fjárheimildir 1987	m.kr.
Fjárlög	2.638,5
Launa- og verðlagshækkunar	222,0
Fært á stofnanir	(1.100,0)
Samtals	1.760,5
Aukafjárveitingar	324,1
Umframgreiðsla stofnana 1986	53,2
Umframgreiðsla 1986	(0,8)
Fjárheimild	2.137,0

Samanburður útgreiðslna og reiknings við fjárlög að viðbættum launa- og verðlagshækkunum.

í þús. kr.	Fjárlög 1987	Launab. Verðl.h.	Fjárlög m/launab.	Reikningur 1987	Frávik í %	Greiðslur 1987	Frávik í %
1 Yfirstjórn	97.232	25.534	122.766	128.811	4,92	130.463	6,27
2 Toll- og skattheimta	443.484	80.366	523.850	606.934	15,86	596.021	13,78
3 Lífeyrissj., eftirl.	527.101	111.331	638.432	861.582	34,95	776.384	21,61
4 Útgj. skv. sérst. l.	143.751	3.083	146.834	33.020	-77,51	31.978	-78,22
9 Ýmis önnur mál 1)	1.426.975	-1.098.306	328.669	962.647	192,89	605.961	84,37
Samtals	2.638.543	-877.992	1.760.551	2.592.994	47,28	2.140.807	21,60

1) Í þessum málaflokki er áætlað fyrir launa- og verðlagshækkunum á árinu 1987 kr. 1.100.000 þús. Þessari fjárhæð var skipt á stofnanir.

Fjárheimild ráðuneytisins var 2.137,0 m.kr. en greiðslur urðu 2.140,8 m.kr. Greiðslur umfram fjárheimild voru því 3,8 m.kr. eða 0,2%.

ATHUGASEMDIR VIÐ STOFNANIR

09-901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins

Samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda nr. 63/1970 fer Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins með yfirstjórn verklegra framkvæmda, Fjárlaga- og hagsýslustofnun fer með fjármálalega yfirstjórn opinberra framkvæmda, en Ríkisendurskoðun fer með yfirstjórn skilamats. Innkaupastofnun ríkisins annast útboð verka svo og reikningshald og greiðslur vegna verka. Þann 3. júlí 1987 staðfesti fjármálaráðherra nýtt skipurit fyrir Framkvæmdadeildina.

Í framkvæmd hefur Innkaupastofnunin hagað reikningshaldi á þann veg, að færa bókhald byggingaframkvæmda með bókhaldi sínu og ekki aðgreint það á annan veg en eftir viðfangsefnum. Gjöld og tekjur Framkvæmdadeildarinnar eru færð undir fjárlaganúmer hennar, 09-901. Sjóður er sameiginlegur.

Rétt er að benda á að í nýjum lögum um Innkaupastofnun ríkisins, þ.e. lög um opinber innkaup nr. 52/1987, er hvergi getið um afskipti hennar af málefnum Framkvæmdadeildarinnar.

Ríkisendurskoðun telur í ljósi breyttra aðstæðna og áherslna, að eðlilegast sé að Framkvæmdadeildin taki alfarið við reikningshaldi og greiðslum vegna byggingaframkvæmda. Þar sem breyta þarf 14. grein laga nr. 63/1970 til að svo verði, telur Ríkisendurskoðun nauðsynlegt, þar til það hefur verið gert, að reikningshald og greiðslur vegna Framkvæmdadeildarinnar og einstakra verka, verði algerlega aðskilin frá reikningshaldi og greiðslum Innkaupastofnunarinnar.

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Á fjárlögum er áætlað fyrir stofnframkvæmdum tveggja viðfangsefna, þ.e. Stjórnsýsluhús á Ísafirði og Laugavegur 166. Niðurstöður sýna eftirfarandi:

Fjárlög	Fjárheimild	Greiðslur	Reikningur
22.500	102.650	213.558	563.651

